

M Y N D A S Ö G U B L A D I D

5

„BUDDÓMIÐ B INNRI SPENNA OG PÍNA“

(gisp!)

FRANSKAR OG ÍSLENSKAR MYNDASÖGUR Á KJARVALSSTÖÐUM

7415
915
2e

M Y N D A S Ö G U B L A Þ I Þ

5

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR
NÓVEMBER-DESEMBER 1992

„ GUDDÓMLEG INNRI SPENNA OG PÍNA “

(gisp!)

FRANSKAR OG ÍSLENSKAR MYNDASÖGUR Á KJARVALSSTÖÐUM

Sýningin var styrkt af AFAA- Association Française d'Action Artistique, sem heyrir undir franska utanríkisráðuneytið.

La manifestation a pu être réalisée grâce au soutien de l'AFAA- Association Française d'Action Artistique, Ministère des Affaires Etrangères.

Eitt af mikilvægum verkefnum listasafna í opinberum rekstri er að fitja upp á nýjungum og vekja athygli á ýmsum greinum listiðkunar sem hefa setið hjá. Þá er oft farið út fyrir hring hins hefðbundna og boðið upp á kynningu og fræðilega umfjöllun.

Menningarmálanefnd Reykjavíkur tók stax vel í beiðnina um samvinnu Kjarvalsstaða, myndasögutímaritsins „GISP“ og franska utanríkisráðuneytisins um sýningu á myndasögum. Í þeim hefur átt sér stað þróun eins og á öðrum sviðum myndlistar, sem hvorki hefur verið rakin og rökstudd svo náð hafi til almennings.

Hins vegar er varla til sá maður sem hefur ekki einhverntíman á æfinni átt góðar stundir með þeim. Því þótti full ástæða til að gera þessu tjáningarformi skil, sem vissulega tengist fagaðri sköpunargleði þegar best lætur.

Vonandi vekur þessi fjölbreytta sýning jákvæð viðbrögð og lífflegar umræður.

f.h. menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar

Hulda Valtýsdóttir

EFNISYFIRLIT

- 5** Listin háu verði keypt - **Laura Valentino**
8 Skínandi blokkir - **Halldór Baldursson**
21 Myndasöguheimurinn - **Þorri Hringsson**
27 París er ísbar - **Ólafur J. Engilbertsson**
28 Lalli er veikur - **Gunnar Hjálmarsson**
30 Gangurinn - **Freydís Kristjánsdóttir**
32 Hvellurinn mikli og upphaf alheimsins og Stulli - **Gunnar Hjálmarsson**
33 Matgræðgi - **Loustal & Marc Villard**
41 Tólf franskir höfundar
46 Óþekkt stærð - **Ólafur J. Engilbertsson**
47 Tryggðatröll - **Bjarni Hinriksson**
63 Angoulême - **Bjarni Hinriksson**
65 Dúfnahúsið - **Johanna Schipper**
68 Alexios Tjoyas
70 Hazel Cluster og ungfrú Velmenni - **Fabrice Parme**
76 Vincent Rueda
78 Fagur dagur formælinga - **Erick Rémy**
83 Paquito Bolino
84 Góðgerðarmaðurinn - **Nicolas de Crécy**
86 Fillinn og rottan - **Vincent Rueda**
87 Hin (heilaga) þrenning - **Bjarni Hinriksson**
88 Teddy Transformer - **Þorri Hringsson**
91 Death Room - **Miguel Angel Martin**
97 Svarti skóli - **Jean Posocco**
102 Upphaf íslenskrar myndasagnagerðar - **Ólafur J. Engilbertsson**
102 Sæmundur fróði - **Haraldur Guðbergsson**
103 Tre yndige smaapiger - **Muggur**
104 Surtur: pólitísk hrollvekja - **Þórarinn B. Leifsson**
110 Eldlagið - **Tómas Ponzi & Eypór Arnalds**

Útgefandi: **Kjarvalsstaðir**

Ritnefnd: **Þorri Hringsson, Ólafur J. Engilbertsson, Halldór Baldursson, Bjarni Hinriksson**

GISP! útgáfufélag, Laufásvegi 20, 101 Reykjavík og Leifsgötu 8, 101 Reykjavík, sími 25659 og 15145

Káputeikning: **Loustal**

Prátt fyrir eða kannski vegna takmarkaðs upplags og örsmás dreifingarsvæðis hefur Gisp! ávallt haft alþjóðlegar tilhneigingar. Við höfum birt efni eftir erlenda höfunda og gisp!-sögur íslenskar hafa birst erlendis. Íslenska myndasagan er ung og lítið ber á henni, hún þreifur fyrir sér og leitar sér stuðnings, bæði innri og ytri. Hún þarf ekki að falla í einn ákveðinn farveg og vill það ekki.

Þessi Gisp!-bók er um margt sérstök og gegnir tvenns konar hlutverki: annars vegar er hún fimmta tölublað tímaritsins, sem hóf göngu sína haustið 1990, og hins vegar er hún sýningarskrá myndasögusýningarinnar á Kjarvalsstöðum.

Sýningin er tvískipt í rými og jafnvel fjórskipt, ef vel er að gáð, en þó ein heild sem sameinast í þessari bók. Franski hlutinn er farandsýning tólf þekktra nútímahöfunda sem samanstendur af prentuðum myndum auk upplýsingatexta um þá. Fyrir þessa sýningu er sérstaklega bætt við frumteikningum eftir höfundana og áhersla lögð á Jacques de Loustal. Íslenski hlutinn er kjarni Gisp!-hópsins ásamt ungum, frönskum teiknurum sem eiga það sameiginlegt að hafa stundað nám í bænum Angoulême og vera um margt á sama róli og íslensku teiknararnir.

Sumt af efniinu í bókinni er ekki á sýningunni. Að því leyti er sýningarskráin virkari hluti af sýningunni en gengur og gerist enda myndasögurnar vanari hinni prentuðu síðu en safnveggjum. Til að undirstrika þátt prentsins liggja fjölmargar franskar myndasögubækur frammi, sýningargestum til skoðunar og aflestrar.

Að lokum viljum við þakka sérstaklega Philippe Girerd, Gunnari Kvaran, Marie-Dominique Blondy, Loustal og François Vié fyrir velvilja og ómetanlega aðstoð.

Hvenær og hvernig Gisp! birtist lesendum sínum næst er ekki vitað ...

BH

LISTIN HAU VERÐI KEYPT

Einu sinni var stelpa,
hún spilaði alla ævi ...



hún varð mikils metin...



en vantaði fiðlu við hæfi.



Hún leitaði,



og leitaði,
og



leitaði æ meira...



og loksins fann hún drauma grip...



yndislegt að heyrna?



En ef hún seldi
íþúðina sína...



Það væri ALLS ekki nóg,



og svo það hún þjófna
að stofna fjálsjóð.



Loksins
kom hún
heim
til
sín...



Hún var með fiðluna góða,



hún skrapp út í stutta stund



og nú síð



brann




LAURA VALENTINO

til Kaldra Kola. en-
dir

SKINANDI DINGDONG

SKINANDI BLOKKIR EFTIR HALLDÓR BALDURSSON 27 ÁRA





JÓN! ERT ÞÚ AD HEIM-SEKJA MIÐ?



ERTU EKKI LES MÖMMUSTRÁKURI! MANNSLIF ER 1 HÆTTU UPPÍ 'A HEIÐI Í KULDA OG HRETTI, Í GALLANN FROSKUR! STRAX!!!




AUÐVITAÐ JÓN EKKERT MÁL



ER NÚ LOKSINS KOMIÐ AD ÞVI JÓNNI MINNI!



ATTAVITINN Í LAGI EN MIKILVÆGAST ER ÞO AD KUNNA AD NOTA HANN



ALDREI OF VARLEGA FARIÐ



BLESS PABBI



ERTU BÚINN AD SEGJA BLESS VIÐ PABBA ÞINN

10 SINNUM MAMMA




HÉR KOMA SVO KJUKLINGA-VÆNGIRNIR

FRABÆRT!



HÓ JÓN! ERTU EKKI MERKILEGT HVAD TÍMINN FLÝGUR?

GRRR



JÆJA FELAGAR ER
EKKI BARA MALLIÐ
AÐ FINNA MANNINN!



BARA FINNA MANNINN !!
HVAÐ HELDURÐU EIGINLEGA
AÐ ÞÚ SERT, JONNI FLUGHAUS.
ÞYKISTU KANNSKI GETA FLOBIÐ?



SJÁIÐ, EG HEF TVO
VÆNGI. SPURNINGIN ER:
GET EG FLOBIÐ?



HALTU KJAFI HELVITIS
KJUKLINGURINN ÞINN







HEI! VÁ! HANN ER BARA ROKINN



ÞESSI ÖMURLEGA MANNVERA MINNTI MIG 'A GJALÐPROTA ALKOHÓLISTA

EKKI MÍG. MÉR FANNST ÞETTA VERA UNGLINGUR, Í UPPREISN AÐ LEITA AÐ SJALFUM SER. SUMIR UNGLINGAR ERU SVOLEIÐIS JÓN



NEI ALLS EKKI

VOMMM



JÓN!

JÓN!

HUH?



JÓN, VIÐ VERÐUM AÐ STOPPA OG REISA TJALD-BÚÐIR. GRÍMUR ER SOFNADUR. ANNARS ER ÉG TIL Í HVAD SEM ER



☞ KVEIKJUM ELD, KVEIKJUM ELD ☞
☞ TRA LA LA LA ☞ ...
HEI, KUNNIÐ ÞIÐ TEXTANN?





JÓN !?

JÓN MINN...?

HEYRIRÐU
TIL MÍN JÓN?
...JÓN!!


WAAWAAWAAWAA

NÚ ER VERST AD
KUNNA EKKI A
TALSTÖÐINA
GRÍMUR

ÉÐA BARA AD
KEYRA...BRMM.
BRMM...SKRÍÍ.



ZZZZ



ÞÁ ER KOMINN NÝR DAGUR
OG LÁTUM OSS SJA...
VAR ÞETTA EKKI BARA
VONDUR DRAUMUR?



ÚPS, NEI...
BLÁKALDUR
VERULEIKINN




USS ERTU
AÐ GRÁTA
GRÍMUR?



SANNIRSTRÁKAR
GRÁTA EKKI!



FÁÐU ÞÉR HELDUR
AF ÞVI SEM STENDUR
HJARTANU NÆST,
KJÚKLINGA BRINGU



OG ÞÁ ER BARA
AÐ LABBA HEIM



MÁLID ER AÐ KUNNA AÐ BIARGA SER

LÁTA EKKI AÐSTÆÐURNAR BUGA SIG



MÍKILVÆGAST ER AÐ VIÐ ERUM Í GÓÐU LÍKAMLEGU OG ANDLEGU JAFNVEGI



GLEYMDU ÞÚ EKKI AÐ VIÐ ERUM STADDIR Í GNEGTA-ÞÚRI MATAR



SÖFNUM Í SARPINN MINN KÆRI VIN. GRASAFÆÐI ER HÍÐ BESTA MÁL

SKO! ÞARNA ER HAUGUR AF BLOPBERGI



GING GONG GULLÍ GULLÍ GULLÍ VASSA
GING GONG GULLÍ GONG GULLÍ
GING GONG GULLÍ GULLÍ GULLÍ VASSA
GING GONG GULLÍ GONG GULLÍ
HEILA OG HEILA SEILA
HEILA SEILA OG HEILA HULLU



GÓÐA NÓTT GRÍMUR

GÓÐA NÓTT JONNI



JONNI!?

ERTU AD VAKNA
JONNI?

HU! HVAR ER EG EIGINLEGA?
OG HVER ERT TU??



OG HERNA HEF
EG MJÖG GOITT STUFF
SEM MUN LÁTAFER
LÍÐA **VEL**

TU ERT A SJÚKRAHÚSI
HER VERÐUR HUGSÁÐ
VEL UM ÞIG



EG ER SKO EKKERT
HRÆDDUR VIÐ SPRÁUTUR

ÞAD ER HELDUR EKKERT AD ÖTTAST
ÞETTA ER VIST MJÖG VINSÆLT
HJÁ UNGLINGUNUM Í DAG



TU ERT SVO SANMARLEGA
HIUKRINARKONAN
GÓÐA! EG ER ALLUR
AD LYFTAST Á KREIK



FARÐU FRAM OG
HEILSADU FÖLKINU

HEI! EG BARA
SVÍF!!



FRÁAAAÁBART!!!

SJÁÐU JONNA!
SÁ ER KÁTUR!



Hví hví hví!
ÉG SVÍÍÍF

HVAÐ



ÞETTA VAR ÞÁ BARA SKRITINN
DRAUMUR. HÉR ERUM VIÐ GRÍMUR
ENN Á BARMÍ ÓRVENTINGAR



SKO GRÍM! HANN HEFUR
EKKI ÁHYGGJUR. SEFUR, SAKLAUS
EINS OG DÚKKA



HALLÓ HALLÓ HALLÓ! HVAÐ
GÆGIST HÉR UPP
ÚR BAKÞOKA GRÍMS?



VÁ EKTÁ ÆDISLEGUR
FLUGDREKI!






GAMAN VERI AÐ KÍKJA UPP Í HÍMINN



OG HIMNARNIR ÖPN-
UDUST!!!! HÍF ÖP,
UPP, UPP MÍN SÁL!

OG ÞAÐ Í
ALVORUNNI





Hallgrím Baldursson 1992

MYNDASÖGUHEIMURINN

Orðið „myndasögulist“ er ekkert sérlega algengt í íslensku tungumáli. Það finnst m.a. ekki í orðabókum eins og t.d. „graffiklist“, „mælskulist“ eða „leiklist.“ Í hugum flestra er líka nánast óhugsandi að tengja þessi tvö hugtök í eitt, þ.e. myndasögur og list. Annars vegar skrípíðið, hasarblöðin og dellan, eitthvað sem gjóað er augunum yfir í dagblöðunum eða eitthvað til að gefa 10 ára frændanum í jólagjöf. Fullkomlega laust við „bókmenntir,“ myndlist, tjáningu eða heilbrigð uppeldisleg gildi. Í besta falli broslagt en oftast er um að ræða hreina aðföc að sálarlífi lesandans.

Hins vegar er það listin. Hín háleita tjáning sem sameinar, ef ekki allt mannkynið þá að minnsta kosti þjóðina, í lotningu gagnvart listaverkinu og skapara þess. Samt sem áður hefur engum tekist ennþá að skilgreina nema fyrir sjálfum sér („Ég hef nú ekki mikið vit á list — en ég veit hvað mér finnst fallegt“) hvað þessi „list“ er, en eitt er þó alveg öruggt: myndasagan er gjörsneydd henni!

Þótt nú á dögum hafi aðrir tekið við hlutverki blóraböggulsins, sem sýkir heilbrigðar sálir íslenskra ungmenna (t.d. videoleikir, death-metal og klám) er samt ótrúlega stutt síðan myndasögur voru nefndar í sömu andrá og áfengi, tóbak og aðrir vífmugjafar. Að vísu mátti halda að hinum afvegaleiddu barnssálum Bjössa Bollu og Sígildum sögum, en þar voru mörkin líka dregin. Líka í viðleitni fræðimanna til að skilja listformið myndasöguna.

Eitt af markmiðum þessarar greinar er að bæta úr þeim skorti á fræðilegri umfjöllun sem viðhaldist hefur hér, á meðan hvarvetna annars staðar í heiminum eru menn a.m.k. tilbúnir til að líta á myndasöguna sem sjálfstætt listform. Hingað til hafa greinar um myndasögur verið alveg lausar við þessa viðleitni. (Nema grein eftir Umberto Eco í TMM 1984, en þar var fyrst og fremst um að ræða táknfræðilega útlistun á fyrstu Steve Canyon síðunni eftir Milton Caniff. Samt markaði hún tímamót þar sem þá var í fyrsta skipti fjallað um myndasöguna á fordómalausán hátt.)

Það er vonandi að brátt renni upp bjartari tímar fyrir myndasöguna hér á landi og einhvers konar umfjöllun er auðvitað fyrsta skrefið í þá átt.

MYNDASÖGUR, SKILGREINING

Hvað er myndasögulist? Strax í upphafi er hægt að gefa einhvers konar bráðabirgðasvar. Árið 1947 kom út bókin „The Comics“ eftir Colton nokkurn Waugh þar sem hann setti fram fyrstur manna skilgreiningu og varð hún víða meðtekin sem grunnur til að byggja á alvarlegar rannsóknir. Í stuttu máli: Myndasagan er tjáningarform sem þarf að innihalda eftirfarandi frumþætti: frásögn sem sögð er með samfelldri röð mynda, samhangandi „hlutverk“ persóna frá einni röð til annarrar og samtöl og/eda texta innan myndanna.

Því miður gerðu Waugh og lærisveinar hans sér ekki grein fyrir mikilvægi þessarar uppgötvunar. Í stað þess að átta sig á því að þeir höfðu í stórum dráttum markað útlínur nýs listforms, sem samkvæmt því kallaði á algjörlega nýja staðla, reyndu þeir að fella það að eldri og ósamrýmanlegum formum. Það kemur því ekkert á óvart að þetta hugmyndafræðilega „frávik“ leiddi höfund sinn út í fagurfræðilegan glundroða. Í niðurstöðunum spyr Waugh sjálfan sig og lesendur: „Er listræn og bókmenntaleg þróun möguleg [í myndasögum]?“ Ekkert

sérstaklega stórbrotin yfirlýsing í lok 360 blaðsíðna bókar.

Auk þess að gera sig seka um þá einfaldni að álíta að innihald geti á einhvern hátt þróast óháð formi og byggingu (og það flókinni byggingu), þá komu Waugh og fylgjendur hans heldur ekki auga á, að sú skilgreining, sem þeir sjálfir höfðu sett fram, útilokaði nokkra þróun út á við og allar viðbætur þaðan í frá hlytu að vera í samhengi við sjálfstætt form sem áður var til. Innan myndasöguformsins hlytu að vera samhengi sem ekki væri hægt að nálgast með athugun á yfirborðinu einu saman.

Skilgreiningin hér að ofan felur ekki í sér skilning á innsta eðli myndasagna, ekki frekar en formúlan fyrir „pí“ felur í sér skilning á eðli hringsins. En hana er hægt að nota sem verkfæri sem getur komið að ómetanlegu gagni. Til þess að hreinsa til í þeirri táknfræðilegu óreiðu, sem umlykur myndasöguna, og minnka umfang rannsókna með því að færa viðfangsefnið í nákvæmari brennipunkt.

TUNGUMÁL MYNDASÖGUNNAR

Hvorki myndi hvarfla að alvarlegum fræðimanni né gagnrýnanda að kveða upp ritdóm um skáldsögu eftir að hafa lesið nokkrar málsgreinar eða gagnrýna leikrit eftir að hafa séð tvö atriði í leikhúsi, samt sem áður er þetta viðtekin hefð þegar myndasögur eru gagnrýndar. Listgagnrýnendur hafa ekki sætt sig við þá réttmætu og einföldu staðreynd að myndasögur skulu dæmast í sínu eigin réttmæta samhengi. Með öðrum orðum, þekking á tungumáli myndasögunnar er nauðsynleg til að geta rætt af einhverju viti um hana. Flestir gagnrýnendur, sem ætla sér að fletta ofan af myndasögunni, fletta í raun ofan af eigin vanþekkingu.

Jafnvel þegar hinn óupp-lysti gagnrýnandi ætlar að fjalla um myndasöguna í einlægni er líklegt að hann reyni að meta textann og myndirnar hvort í sínu lagi, þótt það sem gerir myndasögur einstakar sé þessi blanda í eina skipulagða heild. Það sem myndasagan á að miðla okkur er afleiðing þessarar gagnvirkni orðs og mynda; útkoman í heild en ekki aðalatriði einstakra efnispátta hennar. Myndirnar og textinn styrkja (eða draga niður) hvort annað á margan hátt. Þegar handritið (söguþráður, aðstæður, samtöl) er gott getur það haldið uppi viðunandi eða jafnvel slæmri myndskreytingu og á móti getur góð myndskreyting breitt yfir veilur í



handriti. Þegar bæði myndir og texti eru langt fyrir ofan meðallag verður útkoman meistaraverk. Og öfugt: þegar myndir og texti eru slæm er útkoman staðfesting á flestum aðfinnslum gagnrýnenda. (Því miður, eins og í öllum listum, er hið slæma mun algengara en hið góða.)

Í tungumáli myndasögunnar er ramminn grundvallaratriði. Einföld teikning, oftast umlukin ferhyrnum ramma sem stendur stakur, bæði einangraður frá og í nánnum tengslum við aðra ramma eins og orð í setningu. Þetta er einfaldasta form myndasögunnar og skv. kenningum „skynheildarinnar,” hlutarnir sem að lokum eru skynjaðir sem ein heild. Það er því til lítills að dæma hana á grundvelli eins einangraðs ramma (eða þá nokkurra ramma, sem hver um sig er skoðaður án tillits til heildarinnar). Að skilja innihald myndanna frá innihaldi textans er að brjóta gegn heildarhugmynd myndasögunnar.

Römmunum er síðan raðað niður, líkt og orðum í setningar, í „teikniræmur“ (myndsyrpur), oftast í nokkrar láréttar raðir á hverri síðu. Eða í bladsíður þar sem útlína síðunnar afmarkar frásögnina og sett er fram lóðrétt jafnt sem lárétt sambengi rammanna (gagnstætt ræmunum). Þessar bladsíður og ræmur tengjast svo skipulega innbyrðis í þætti og kafla.

Myndasögur fá tungumálið að láni, bæði úr venjulegu máli og máli (frásagnar) listarinnar. Gegnum tíðina hafa þær þróað með sér eigin einkenni, þar sem talblaðran er sú þekktasta, og einnig myndarlegt safn af nýjum merkjum og táknum, aðallega í formi „orðmynda“ og „sjón-orðaleikja.“ Þar sem ljósaperan táknar skyndilega hugdettu/góða hugmynd og svart ský yfir höfði einhvers táknar gremju eða vonleysi. Dæmin eru óteljandi.

Tungumál myndasögunnar með nýjungum þess, táknum og hinum litríku „hljóðskreytingum“ (KABOOM, PUFF, BANG) er jafn kunnuglegt og viðtekið og tungumál kvikmyndarinnar.



MYNDASÖGUR SEM BOÐMIDILL

Jafnvel fyrir tíð Marshall Macluhans voru myndasögur álitnar fyrst og fremst boðmiðill. Þeir sem það gera hafa nokkuð til síns máls og þessir fordómar hafa verið styrktir til muna af þeim sem selja myndasöguna sem framleiðsluvöru. (Það sama var uppi á teningnum hjá stóru kvikmyndaverunum í Hollywood á sínum tíma og átti sjálfsgætt dálítinn part í hnignun og hruni Hollywoodmyndarinnar.)

Sögulega hafa tvær meginstöðir myndasögunnar annars vegar verið bókin og hins vegar dagblaðið og afleiðingin af því eru tveir lesendahópar sem að einhverju leyti skarast. Í Bandaríkjunum varð það myndasögubókin, sem aðallega beindist að yngri lesendum, meðan dagblaðaræmurnar voru frekar miðaðar við eldri og þroskaðri lesendur. Í Evrópu er þessi aðgreining óljósari og myndasögubækur gefnar út jafnt fyrir börn sem fullorðna.

Það leikur enginn vafi á að þeir sem lesa myndasögur gera það aðallega sér til skemmtunar en þó verður að gera greinarmun á tvenns konar lesendum: þeim óvirku, sem lesa myndasögur um leið og þeir flettir blaðinu, og hinum virku, sem lesa myndasögur sér til ánægju (kann að vera listræn ánægja, fortíðarþrá eða einhver önnur ástæða). Þeir koma úr öllum þjóðfélagsstigum og úr báðum endum menntunarstigans. Það virðist svo sem hinir lítt skólagengnu njóti myndasögunnar vegna hversu aðgengileg hún er og að hinir forfrömuðu menntamenn hafi tekið myndasöguna upp á sína arma vegna hinna andmenningarlegu eiginleika. (Þetta gerðist fyrst á meginlandi Evrópu, svo í Bandaríkjunum). Sé miðillinn það sama og boðskapurinn getur boðskapur myndasögunnar, sem dregur dár að hefðbundnum listreglum og siðmenntuðu tungumáli, aðeins verið niðurrif. (Þetta atriði hefur, að einu eða mörgu leyti, verið leiðandi röksemd andstæðinga myndasagna.)

Nokkur orð um myndasögur sem sérstakan boðmiðil. Þær hafa verið notaðar í auglýsingaskyni allt frá dögum Gula drengsins og einnig hafa þær verið mikið notaðar sem áróðurstæki, allt frá óhefluðum, föðurlandsdýrkandi myndasögum Frakka og Englendinga í heimsstyrjöldinni fyrri til vaskra drengja eins og Steve Canyon og Buz Sawyer sem börðust við illu öflin í Vietnam. Þessir tveir boðberar heimsvaldastefnunnar voru svo teknir í karpúsíð í kínverskum myndasögum sem var ætlað að breiða út kommúnismann. Sem dæmi um hófsamari notkun myndasögunnar má nefna að hún er einnig mikilvægt kennslugagn.

Borið saman við aðra fjölmiðla er myndasagan ekkert sérlega áhrifaríkt teki hvorki til að sannfæra né til að upplýsa. Hún er ekki eins yfirþyrmandi og kvikmyndin, ekki viðlíka valdsmannslæg og hið ritaða orð né jafn sannfærandi og sjónvarpið. Að myndasagan skuli gagnast best sem listform getur verið dálítil framleiðslugalli en staðfestir um leið heilindi hennar.

HINN FRÆDILEGI GLUNDRODI MYNDASÖGUNNAR

Það hefur farið fyrir myndasögunni eins og kvikmyndinni að hinar almennu vinsældir hafa skyggt á tilverurétt hennar sem listforms. Gagnrýnendur hafa ekki séð einstök tré fyrir skóginum og haldið á lofti þeirri hugmynd að myndasagan sé félagsfræðilegt fyrirbæri og til

þess eins að greina á ópersónulegan hátt. T.d. í formi línu- og súlurita sem sýna heildarkostnað við dreifingu, taflna yfir aldur, menntun og störf lesandahópsins o.s.frv., þar með er því afneitað að myndasagan hafi nokkurt fagurfræðilegt gildi. Þetta hefur svo hjálpað til við að skýla fáfræði gagnrýnandans á kraftbirtingu sköpunarinnar í myndasögunni.

Í raun og veru eru myndasögur mun persónulegri tjáningarmáti en t.d. kvikmyndir, sjónvarp og töluvert margar greinar nútíma mynd- og tónlistar. Hvort sem um er að ræða einn eða fleiri höfundar er hvert atriði gert að hætti listamannsins, ekki aðeins hjá handritshöfundum og teiknara heldur líka hjá þeim sem skrifar textann og þeim er teiknar talblöðurnar og þeim er dregur útlínur rammans!

Þótt til séu efni sem eru á einhvern hátt meðhöndluð fyrirfram eru grundvallartæki myndasögulistamannsins blýantur, blek, penni, pensill og blað.

Það í sjálfu sér gefur sögunum ekki persónulegt útlit nema listamaðurinn hafi einhverjar persónulegar hugmyndir að tjá, en það ætti a.m.k. að afsanna þá fullyrðingu að myndasögugerð sé sú vélræna framleiðsla sem gagnrýnendur láta í veðri vaka. Satt er að myndasögur eru oft á tíðum hópvinna, þar sem aðstoðarmenn vinna gjarnan í bakgrunninum, skriftinni og jafnvel í blekuninni og því er heldur ekki að neita að oft spilla of margar eldabuskur góðri súpu. Eins og við má búast eru bestu höfundarnir þeir sem mesta stjórn hafa á (heilðar)ferlinu, skapa þannig sem heilsteypasta myndasögu.

Þar sem listræn sköpun er til staðar (eða er möguleg) alls staðar í ferlinu er freistandi að heimfæra lögmál hefðbundinnar fagurfræði upp á þetta form, en þá komum við aftur að hinum fræðilega glundroða sem umlykur myndasöguna. Því á henni eru svo margir fletir sem hver um sig endurspeglar lögmál mismunandi listforma. Hafi menn áhuga á að öðlast einhvern skilning á henni verða þeir hinir sömu að taka á hinum fagurfræðilegu vandamálum sem upp koma og greiða úr þeim.

MYNDASAGAN SEM GRAFÍSK LIST

Þar sem myndasagan er fyrst og fremst skynjuð sjónrænt hefur verið venjan að flokka (réttara orðalag væri sennilega 'afskrifa') hana með myndskreytingum og skopmyndum. Víst er um bein tengsl að ræða á milli skopmynda og myndaræmunnar líkt og á milli myndasögunnar og myndskreytingarinnar. Munurinn er hins vegar mikill, skopmyndin og myndskreytingin sýna aðeins einn ákveðinn atburð hvort sem það er endahnútur brandara eða dramatískur hápunktur frásagnar, en hins vegar verður myndasagan stöðugt að halda flæði frásagnarinnar. Ekki er þetta sett fram til að gera lítið úr listrænni getu sem nauðsynleg er til að skapa myndasögur. Fullyrðing Karl Fortess, „myndasöguhöfundurinn veltir ekki fyrir sér listrænum vandamálum, formrænum vandamálum, rýmistengslum né línulegri tjáningu“, er þvæla. Bestu myndasöguhöfundarnir eru þvert á móti mjög uppteknir af þessum málum þó það sé á annan hátt en aðrir listamenn.



Það væri því mögulegt að dæma myndasögur eingöngu út frá hinum grafíska þætti, svona eins og að dæma kvikmynd eftir myndatökunni einni. Það þýddi auðvitað að allir aðrir þættir myndasögunnar yrðu hafðir út undan.

Þar sem ljóst er að listræn ætlunarverk myndasöguhöfundarins eru ekki þau sömu og hins venjulega listamanns er ekki nema eðlilegt að álykta sem svo að ekki fari saman hefðbundin fagurfræði og fagurfræði myndasögunnar.

MYNDASÖGUR SEM FRÁSAGNARBÓKMENNTIR

Eðli síns vegna væri hægt að flokka myndasögur til bókmennta, þar sem þær eru ætlaðar til lesturs (eins og sannast á áhugaleysi fyrir þöglum eða látbragðs-myndasögum). Sumir gagnrýnendur hafa því reynt að tengja þær við þjóðsögur. Þar má finna sameiginleg einkenni og því er hægt að halda fram að margar myndasögur séu hliðstæða ævintýrisins, goðsögunnar eða dæmisögunnar. Samt sem áður þá gengur myndasagan þvert á þjóðsöguna þar sem hún er sköpunarverk einstaklings en ekki hin sameiginlega reynsla sem er uppistaðan í þjóðsögunni. Það sem einfaldlega hefur gerst er að höfundarnir hafa ofið þessi samhengislausu minni inn í sínar eigin myndasögur sem er nákvæmlega það sama og rithöfundar og myndlistarmenn hafa alla tíð gert.



Frásögnin (hvernig svo sem hún er skilgreind) er eftir sem áður uppistaðan í myndasögunni; það að segja sögu. Sökum þess að þær beinast að mjög breiðum lesandahópi hafa þær þurft að keppa við (og koma í staðinn fyrir) eldri form afþreyingarbókmennta (enska: popular literature — íslensk þýðing „afþreyingarbókmenntir“ er e.t.v. rangnefni, við eigum hins vegar ekki annað orð yfir vinsælar bókmenntir) eins og reyfara, sorp- og framhaldstímaritin. Það sem myndasagan hefur fram yfir þessi gömlu form er ekki, eins og haldið hefur verið fram, að hún segir sögu á myndrænan hátt, heldur vegna þess að myndræn útlitun á bakgrunni og smáatriðum gerir henni kleift að segja söguna á hnitmiðaðri hátt Eins og einhver gárungurinn sagði: „Þær færa þér fleiri skoðvelli á skemmri tíma.“

Á þessum forsendum hafa sumir myndasöguhöfundar reynt að móta sögur sínar í gríðarlegar skáldsögur, með allt sem lýtur að þeim s.s. eigin heimi er stjórnast af eigin lögmálum, kröftum og hvötum. Þeirra vegna væri rangt að bera þær saman við einhverjar laustengdar atburðasögur. Sumir hafa spennit bogann hærra en svo. Má í því sambandi nefna „Little orphan Annie“ eftir Harold Gray, sem sennilega kemst næst því að vera skáldsaga í myndasöguformi. Þar svifa andar Dickens og Hugo yfir vötnum og þráhyggja og taktföst endurtekning grunnstefja minna um margt á það sem nútímaskáldsögur eru uppteknar af.

Sé farið fram á að hinn bókmenntalegi þáttur myndasögunnar sé skoðaður er það af því hann er ekki eins augljós og hinn myndræni. En einu sinni enn verður að fara fram á það að þær séu ekki metnar á þeim forsendum eingöngu. Myndasögur eru vissulega ein grein bókmennta en maður skyldi þó fara varlega í því að þjappa þeim saman í bókmenntalegar einingar ef maður á ekki að grafa undan tilvist myndasögunnar.

MYNDASAGAN SEM LEIKRÆNT FORM

Því er hægt að halda fram (og hefur verið haldið fram) að myndasagan sé seinni tíma þróun út frá leiklist. Það er hægt að fullyrða að myndasagan, meir en nokkur önnur bókmenntagrein 20. aldar, fylgi reglum Aristotelesar um upphaf, miðju og endi. Þessi tæp 100 ár, sem myndasagan hefur verið við lýði, státar hún af svipuðum afrekum og vestræn leikhúshéfið síðastliðin 600 ár; í upphafi farsí og

eftirhermulist (Gulí strákurinn, Binni og Pinni), svo þættir úr gamanleik skoðunar og háttu (Gissur Gullrass), félagslegs gamanleiks og melódrama (Steve Canyon) og svo leikhús hugmyndanna (Little orphan Annie). Hinar stóru leikbókmenntir 20. aldar hafa einnig átt sér talsmenn í myndasögnum, t.d. hjá George Herriman og Walt Kelly.

Það skyldi enginn gera lítið úr ofangreindum röksemdum. Vegna hinnar almennu notkunar talblöðrunnar mynda samtölin sterkasta og mest áberandi bókmenntalegan þátt myndasögunnar. Hjá flestum höfundum hafa samtölin þann tilgang að koma á framfæri mikilvægum upplýsingum og/eda bera söguþráðinn áfram en þó eru þeir til sem eru meðvitaðir um dramatísk áhrif þeirra og hafa notfært sér þau út í ystu æsar. Þeir hafa hagnýtt sér samtölin til að búa til raunverulegar persónur og hvarir, skapa spennu og eftirvæntingu eða til að opinbera hugmyndir og lífsviðhorf og til að framkalla óm og takt og gefa atburðunum tilgang. Dæmin eru fjölmörg en leikrænar hefðir og sviðsetningar eru meginsvið tveggja listamanna — George MacManus og Walt Kelly. Verk þeirra hafa alltaf verið meira leikræn en bókmenntaleg.

Í samhengi við atburðarásina hefur talblaðran alltaf leikið tvöfalt hlutverk: Hún hefur það hlutverk að vera leikrænt tæki, sem er í eðli sínu myndrænt, og með því skapar hún möguleika sem myndasöguhöfundar voru fljótir að kanna.



Það væri ALLS ekki nóg,

skyndilega. Hún er notuð sem brella, gríma, skjöldur eða ársarvopn. Það er einnig hægt að sjá hliðstæðu við hina táknrænu notkun leikmuna í nútímaleikhúsinu.

MYNDASÖGUR OG KVIKMYNDIR

Af ýmsum ástæðum, nokkrar þeirra tíundaðar hér að framan, komast myndasögur nær kvikmyndum en öðrum listformum. Þær urðu ekki bara til um svipað leyti og eru einnig runnar af svipuðum listrænum og viðskiptalegum rötum heldur stefndu þær að sama markmiði: sköpun rökfræðilegrar hreyfingar

annaðhvort með sjónrænum blekkingum (kvikmyndin) eða með visbendingu hreyfingarinnar (myndasagan). Að svo komnu máli er því rétt að benda á að margar aðferðir, sem síðar voru eignaðar kvikmyndinni, eru upprunnar í



myndasögnum. „Listræn“ klipping var orðin hefð í myndasögunni löngu fyrir daga Eisensteins og listræn brögð eins og skeyting, innrömmun og skim (pan) voru notuð af brautryðjendum eins og Opper, McCay og Feininger. Hvað viðkemur „hljóðsetningunni“ þá hafði myndasagan nægan tíma til að þróa rödd utan ramma, rödd yfir ramma og samtal ofan í samtal þau 30 ár sem kvikmyndin varð að notast við frumstæð textaspjöld sem skotið var

inn í atriði og á milli þeirra. Jafnvel tungutak þessara tveggja listforma er hið sama. Hugtökin „skot“ (gagnstætt hinu kyrrstæða atriði), og „kafli“, mismunandi sjónarhorn, og fjarviðd og möguleikinn að elta aftur á bak og áfram. Áhrif kvikmynda á myndasögur hafa verið mikil, þær hafa ekki aðeins lagt þeim til betri tækni viðvirkjandi hvernig brjóta á upp hreyfingu á blaði, sambærilegt við kvikmyndalýsingu, fókusdýpt, skyggða bakgrunna ofl., heldur líka verið beinlínis innblástur. Framhaldskvikmyndirnar á fjórða áratugnum voru jafn mikill undanfari ævintýramyndasagnanna eins og reyfararnir og sorpritin.

MYNDASAGAN OG TEIKNIMYNDIN

Hinni stöðugu vaxlfirjögvan á milli myndasögunnar og kvikmyndarinnar lyktaði loks með fyrsta skilgetna afkvæminu: teiknimyndinni, þessari sérstöku, nútímalegu sameiningu listar og tækni. Í bókinni Cinema as Art lýsa höfundarnir, Ralph Stevens og J.R. Debrix, því yfir að „hin viðtekna skilgreining á hreyfimynd er ekki að hún sé handteiknuð, heldur að hún sé gerð ramma fyrir ramma“ sem er hliðstæða við gerð myndasagna. Þetta fer langt með að sanna að hreyfimyndin (teiknimyndin) á myndasögunni meira að þakka en kvikmyndinni.

Annað mikilvægt atriði mætti nefna í þessu sambandi, að þó nokkrum árum fyrir uppfinningu kvikmyndarinnar var farið að gefa teiknuðum myndum líf með því að nota litaðar (skop)myndir á pappírstræmur (bókstaflega: myndræmur — comic strips!). Belginn Plateau með sitt phenakistscope og Englendingurinn W.G. Horner með sitt zoetrope gátu blásið lífi í syrpur af teiknuðum myndum fyrir 1840.

Sá mikilvægasti af frumherjunum var Frakkinn Emile Reynaud, sem fann upp tækið praxinoscope, og var hann fyrstur til að varpa teiknimynd á tjald (hann opnaði „Théâtre Optique“ 1892). Í grein sinni, „Animation in the cinema“ staðhæfir höfundurinn, Ralph Stevenson: „Hann [Reynaud] fann ekki aðeins upp tæknina, heldur mótaði einnig stefnuna og var sá fyrsti til að þróa teiknimyndina í átt til mikilfengleika.“ Það var ekki fyrr en mörgum árum síðar eftir afrakstur tilrauna Bandaríkjamannsins J. Stuart Blacktons að hreyfimyndir tengdust kvikmyndinni endanlega.

Margir myndasöguhöfundar voru einnig brautryðjendur á sviði teiknimyndanna. Winsor McCay er auðvitað skýrasta dæmið, en einnig reyndar Bud Fisher og George MacManus. Pat Sullivan vann við myndasögugerð í Ástralíu, Englandi og Bandaríkjunum áður en hann sneri sér að teiknimyndunum.

Fyrstu teiknimyndirnar fengu innblástur og tækni frá myndasögnum og á

það einnig við um vinsælustu persónurnar: Mutt og Jeff, Binni og Pinni, Krazy Kat meðal annarra. Upp úr 1920 fóru teiknimyndirnar að skila karakterum til myndasögunnar, einn sá fyrsti var kötturinn Felix. En jafnvel á fjórða áratugnum, þegar Mikki Mús, Andrés Önd og önnur sköpunarverk Disneys réðust inn á myndasögumarkaðinn voru myndasögurnar ennþá að leggja til efni í teiknimyndirnar (þá sérstaklega Stjána bláa).

Eftir tímabil tilrauna og óhlutlægni, þar sem hefðbundinni fagurfræði teiknimyndarinnar var hafnað, hafa nú teiknimyndagerðarmenn snúið sér í ríkara mæli að fastmótadri lögmálum. Tilhugalífi myndasögunnar og teiknimyndarinnar er hvergi nærri lokið.

LEIT AD NÝJUM VIÐMIDUNUM

Það ætti að vera orðið nokkuð ljóst nú að ekki er hægt að þrengja myndasögunni í neina fyrirfram ákveðna kennisetningu. Með tilveru sinni einni saman verst hún öllum tilraunum til þekkingarfræðilegra útskýringa og veitir þvermóðskufulla mótspyrnu gegn hefðbundinni fagurfræði. Og varla er annað hægt en vorkenna gagnrýnendum sem gramir og vonsviknir geta ekki notast við litlu og þegilegu formúlurnar, sem þeir hafa lært svo vel utanbókar, til að útskýra myndasöguna á vitsmunalegan hátt. Myndasagan neitar einfaldlega að láta njörva sig niður. Ein af þrautalendingum gagnrýnendanna (reyndar sú algengasta og minnst upplifgandi) er að afgreiða hana sem ó-list, ó-bókmenntir og ó-marktæka. Þetta átti líka við um kvikmyndina þegar hún kom fram á sjónarsviðið, en aðeins hinum fávísu til furðu hafa bæði myndasagan og kvikmyndin staðið af sér útskýfun verndara Listarinnar, Sannleikans, Fegurðarinnar og menningarlegrar stöðunar.

Það er einkennileg birting á vitsmunalegri spillingu að þurfa sífellt að niðurlægja myndasöguna í nafni myndlistar og bókmennta, þrátt fyrir yfirgnæfandi rök sem hníga að því að hún tilheyrir hvorugri greininni. Í návist nýs og skapandi tjáningarmiðils verða þau gildi, sem lögð eru til grundvallar, að koma að innan frá miðlinum sjálfum. Það er ekki auðvelt verkefni, ekki auðveldara en með kvikmyndina. Gjörþekking á miðlinum er auðvitað frumskilyrði (með sömu kostgæfni og í öðrum listgreinum). Sú stadhæfing að myndasagan sé „óæðra“ tjáningarform sem eigi skilið óæðri umfjöllun er sárandi dæmi um óheildarlega röksemdarfærslu. Aðeins með alvarlegum rannsóknum er hægt að skilja formgerðina sem liggur að baki myndasögunni og þá loksins er hægt að móta gagnrýna niðurstöðu.

TÍMI OG RÝMI Í MYNDASÖGUNNI

Framsetning rýmisins hefur valdið myndasögulistamanninum töliverðu hugarangri frá upphafi. Þar sem hann fæst ekki aðeins við stakar myndir heldur lífrænt samhengi mynda er ekki hægt að leysa vandamálið með fjarvídd eingöngu. Einföld fjarvídd myndi gefa öllum römmunum sama dýptargildi og fletja þá þannig út líkt og myndræmur á egypskum pýramíðum. Sumir listamenn, eins og t.d. Chester Gould, gátu hagnýtt sér þetta lögmál en í höndum lakari handverksmanna verður þetta yfirleitt röð hreyfingarlausra mynda. Til að skapa dýpt hafa aðrir myndasögulistamenn gripið til áhrifamáttar ljóss og skugga eða hagræðingar hlutfalla sem á hárfínan hátt bjaga hefðbundna skynjun lesandans á rýminu rétt eins og um samsetta ljósmynd væri að ræða.

Fremstu listamennirnir, sem vinna með myndasögur í heilsíðuforni, skapa rými úr hinum óteljandi mögulegu línunum (láréttum, lóðréttum og skállnum)

uppsetningarinnar þannig að persónum og hlutum er raðað á síðuna eftir vandlega ígrunduðum lögmálum myndbyggingar. Þau virðast bókstaflega vera í þann mund að sprengja af sér rammanna.

Í myndasögunni stendur tíminn í beinu hlutfalli við rýmið (þetta er einn mikilvægasti munur myndasagna og kvikmynda); rammarnir í ræmunni eða á blaðsíðunni eru brot af tímanum. Því er flæði frásagnarinnar, sem er það hvernig höfundurinn gerir sér tímann í hugarlund, sjaldan samsvarandi flæði tímans, sem er skynjun lesandans á sama tíma. Að auki verður að bera þessi flæði saman við raunverulegan lestrartíma sem getur verið mjög langur (t.d. í dagblaðs-seríum) eða tiltölulega stuttur (t.d. í myndasögubókinni). Glundroðinn sem þetta skapar eykur enn á þann óraunveruleika sem er ein afurð myndasögunnar. Jafnvel saga eins og Gasoline Alley, sem gefur sig út fyrir að fylgja hinum raunverulega tíma og hvers sögupersónur eldast og breytast með lesandanum, gat ekki flúið þessi örlög.

Tíminn í myndasögunni virðist ekki hafa neitt lífrænt gildi. Það, sem gerist, gerist ekki af nauðsyn heldur af tilviljun eða tíminn er takmarkalaus og opinn í báða enda, honum er einnig hægt að snúa við; ósjaldan fara sögupersónur 10, 20 eða fleiri ár aftur í tímann og taka upp þráðinn að nýju. Myndasagan er gagn-söguleg, ekki vegna þess að hún neiti að takast á við samtímann (það gerir hún oft), heldur vegna þess að raunverulegur tími er óviðkomandi takmarki þeirra. Myndasögur eru nánast fullkomlega lausar við markhyggni (þ.e. að öll framvinda hafi í sér fölginn tilgang). Það sem gerðist í þeim í fyrra virðist ekki skipta þær neinu máli í ár, a.m.k. ekki á neinn orsakandi hátt. Með því að leiða okkur raunveruleikann beint fyrir sjónir gera þær okkur virkari þáttakendur í ímynduninum. Myndasögur hafa því einstaka burði til að leiða okkur inn í þversagnakenndan heim þar sem tímans er neytt eða hann numinn úr gildi; heimur hinnar eilífu nútíðar.

VIÐFANGSEFNI MYNDASAGNA

Fagurfræðilegt vafstur og viðskiptalegir hagsmunir hafa ávallt keppt um að þrengja viðfangsefni myndasagnanna. Sem söluvara er myndasagan fjölmiðill og höfundar hennar verða að láta lesandanum í té eitthvað sem er gripandi og auðþekkjanlegt. En um leið verður hún að fela í sér hið sértæka ef hún á ekki að verða eins og hver önnur anekdóta (atvikssaga). Vandamál fjöldameningarinnar er að skapa heim sem er í senn al- og sértækur og stefnir á sama tíma líka að því að verða sérstakt listform. Sem svar við þessu hafa myndasögurnar oft gripið til



göðfræðilegra sköpunarsagna (t.d. Superman og yfirleitt allar ofurhetjusögur) eða til draumaheima (t.d. Little Nemo) og fáar eru þær myndasögur sem ekki hafa nýtt sér þetta á einn eða annan hátt.

Forvígismenn myndasagna sækja efni sitt í brunn samdulvitaðra minna og



langana, hvort sem er af nauðsyn eða ásetningi. Þeir smíða erki-týpur sem tengja okkur beint við frumstæðustu hvatir og krafta gegnum rökkurhúm sögunnar. Líkt og myndasagan hafi tekið það að sér að klæða holdi dulvitaðar þrár okkar og veita þeim í farveg fullnægingar. Á sama tíma er henni einnig ætlað að feta hina

félagslegu braut og hafa þessar andstæður leitt til misvægis og vonbrigða.

Hversu fátánleg sem fjölskyldan í Gissuri Gullrass (Bringing up father) virðist vera, er hugmyndinni um sjálfa fjölskylduna aldrei kastað fyrir röða. Eins og ein fréttatilkynning frá dreifingarfyrrtækinu staðhæfði: „Gissur lamdi ekki Mínu og mun aldrei skilja við hana.“ Sömu tvítræðni er að finna í afstöðu þeirra til þjóðfélagsins í heild. Fyrstu myndasögunnar voru ekki bara anarkískar heldur einnig nihílískar (t.d. Binni og Pinni) en smám saman hafa þær sæst við þjóðfélagið og hafa að mestu tekið upp lög þess og reglur, hversu fátánleg sem þau kunna að vera. Hins vegar hefur aldrei alveg tekist að síða myndasöguna til og nú á dögum má finna hinn frjálsa anda þeirra í neðanjarðarsögum (og einnig nokkrum ofanjarðar).

Á einum stað í Pogo eftir Walt Kelly er myndasögunni lýst þannig, að hún sé „eins og draumur ... vefur úr dagdraumum ... hún skín í gegnum óraunveruleikann, ímyndanir og draumóra.“ Jafnvel fyrir menntamann eins og Walt Kelly eru vitsmunaleg takmörk myndasögunnar augljós. En þessar takmarkanir eru einnig styrkur hennar. Með því að geta ekki viðhaldið nokkru háfleygu viðfangsefni varðveitir hún tímaleysi sitt og þverneitar að gerast enn ein tibreytingarlaus bókmenntæfingin.

STÍLFRÆÐI

Til þess að móta hinar tvær misleitu einingar myndasögunnar í eina listræna heild, verður hver höfundur að þróa með sér sinn eigin stíl (a.m.k. þeir sem hafa einhvern listrænan metnað). Fljótlega er líklegt að annað af tveimur sjónarmiðum komi í ljós; að myndirnar fái yfirhöndina og sagan sé nánast eingöngu sögð á grafískan hátt; eða á móti að textinn hafi yfirhöndina og sagan sé sögð á grundvelli hans. Þriðja sjónarmiðið, sem blandar saman dramatískum samtölum og kvikmyndataekni, birtist fyrst á fjórða áratugnum og varðveitir hið viðkvæma jafnvægi á milli hins bókmenntalega þáttar og hins grafíska.

Að viðhalda heilindum hinnar samhangandi frásagnar innan marka samfelldra en aðskildra mynda skapar ný vandamál. Myndasöguhöfundurinn getur að sjálfsgöðu sett saman mynd og texta, sem haldast nákvæmlega í hendur,

en slík málalenging er augljós sóun. Það virðist því vera heppilegast að láta myndirnar og textann bera frásögnina uppi á víxl heldur en bæði í einu.

Að hluta niður söguna í ramma og raðir er einnig stílfraðilegt vandamál. Listamaðurinn getur kosið að byggja upp og undirbúa atburðarásina vandlega eða vaðið stjórnlítið áfram með atburðunum, sem meira er háttur neðanjarðarmyndasagna. Til að gæða myndir sínar andrúmslofti getur höfundurinn t.d. valið á milli þess að nota stóra svarta fleti, margræða bakgrunnsteikningu eða á hinn bóginn gripið til þess að þröngva atburðunum í forgrunninn — möguleikarnir eru óteljandi. Í þessu sambengi getur liturinn gegnt miklu hlutverki með því að draga fram mikilvæga þætti frásagnarinnar og einnig hjálpað til við að tengja saman efnislega andstæða ramma með því að viðhalda litasamsetningum innan þeirra.

Myndasögur hafa einnig til umráða setningarfræði annarra bókmennta- og



listfræðilegra forma: endurtekningu, bjögung, mögnun, stílfæringu ofl. ofl. Það er undir höfundinum komið að nota þessi hjálparmeðul gætilega og forðast að ofgera. Í myndasögum eins og í öðrum listum þá er minna jafnan meira.

NOKKUR ORÐ AÐ LOKUM

Það eru örlög allra nýrra tjáningarforma að fá óblíðar móttökur. Á sínum tíma voru harmleikir úhróp- aðir sem guðlast, ítalska óperan kölluð ósæmilegur hljóðgrautur og ekki er langt síðan kvikmyndin fékk þann stimpil að vera „list fyrir drukkin úhrök“. En gegn myndasögunni hefur háðið og spottið varað lengst. Stærstan hluta á tæpum eithundrað ára ferli sínum hafa myndasögur verið fyrirlitnar, útalda og hafðar að athlægi.

Þetta hefur þó snúist við núna; fræðimennska og greining hafa komið í stað fordóma og fálætis. Með vaxandi menningarlegri viðurkenningu hefur myndasagan orðið að axla nokkrar byrðar. Þegar hún er ekki lengur afskrifuð sem uppspretta subbulegrar dægrastyttingar verða höfundarnir og útgefendur þeirra að vera reidubúnir til að svara fyrir hana á fagur- og siðfræðilegum grunni (líkt og skáldsagnahöfundar, bókaútgefendur, leikritahöfundar og kvikmyndagerðarmenn). Sumum hrýs hugur við þessu og dreymir um hina gömlu góðu daga þegar myndasöguhöfundurinn gat unnið í fríðselli einangrun og dreifingaradilar gátu boðið vöruna í ábatasamri sjálfánægju. En það verður ekki aftur snúið.

Þ.H.

Grein þessi er þýðing og endursögn á greininni


„The World of comics: an analytical summary.“ eftir Maurice Horn og birtist hún í bókinni „The World Encyclopedia of Comics.“



PARÍS ER ÍSBAR

Ljósmynd af André Breton
læknar eðlur
sjúkar í mánann og teskeið af
hunangi í kaleik úr Montparnasse

Paris er ísbar Ísisar
segir trompet Marianne Van Hirtum
gróðursettur í leiði Baudelaires
Paris er handa rottum
ísbar handa kirkjuræningjum



ÓE

godfræðilegra sköpunarsagna (t.d. Superman og yfirleitt allar ofurhetjusögur) eða til draumaheima (t.d. Little Nemo) og fáar eru þær myndasögur sem ekki hafa nýtt sér þetta á einn eða annan hátt.

Forvígismenn myndasagna sækja efni sitt í brunn sam-dulvitaðra minna og



langana, hvort sem er af nauðsyn eða ásetningu. Þeir smíða erki-týpur sem tengja okkur beint við frumstæðustu hvatir og krafta gegnum rökkurhúm sögunnar. Líkt og myndasagan hafi tekið það að sér að klæða holdi dulvitaðar þrjár okkar og veita þeim í farveg fullnægingar. Á sama tíma er henni einnig ætlað að feta hina

félagslegu braut og hafa þessar andstæður leitt til misvægis og vonbrigða.

Hversu fátánleg sem fjölskyldan í Gissuri Gullrass (Bringing up father) virðist vera, er hugmyndinni um sjálfa fjölskylduna aldrei kastað fyrir róða. Eins og ein fréttatilkynning frá dreifingarfyrtækinu staðhæfði: „Gissur lamdi ekki Mínu og mun aldrei skilja við hana.“ Sömu tvínæðni er að finna í afstöðu þeirra til þjóðfélagsins í heild. Fyrstu myndasögurnar voru ekki bara anarkískar heldur einnig níhillískar (t.d. Binni og Pinni) en smám saman hafa þær sæst við þjóðfélagið og hafa að mestu tekið upp lög þess og reglur, hversu fátánleg sem þau kunna að vera. Hins vegar hefur aldrei alveg tekist að síða myndasöguna til og nú á dögum má finna hinn frjálsa anda þeirra í nedanjarðarsögum (og einnig nokkrum ofanjarðar).

Á einum stað í Pogo eftir Walt Kelly er myndasögunni lýst þannig, að hún sé „eins og draumur ... vefur úr dagdraumum ... hún skín í gegnum óraunveruleikann, ímyndanir og draumóra.“ Jafnvel fyrir menntamann eins og Walt Kelly eru vitsmunaleg takmörk myndasögunnar augljós. En þessar takmarkanir eru einnig styrkur hennar. Með því að geta ekki viðhaldið nokkru háfleygu viðfangsefni varðveitir hún tímaleysi sitt og þverneitar að gerast enn ein tilbreytingarlaus bókmenntæfingin.

STÍLFRÆÐI

Til þess að móta hinar tvær misleitu einingar myndasögunnar í eina listræna heild, verður hver höfundur að þróa með sér sinn eigin stíl (a.m.k. þeir sem hafa einhvern listrænan metnað). Fljótlega er líklegt að annað af tveimur sjónarmiðum komi í ljós; að myndirnar fái yfirhöndina og sagan sé nánast eingöngu sögð á grafískan hátt; eða á móti að textinn hafi yfirhöndina og sagan sé sögð á grundvelli hans. Þriðja sjónarmiðið, sem blandar saman dramatískum samtölum og kvikmyndatækni, birtist fyrst á fjórða áratugnum og varðveitir hið viðkvæma jafnvægi á milli hins bókmenntalega þáttar og hins grafíska.

Að viðhalda heilindum hinnar samhangandi frásagnar innan marka samfélldra en aðskildra mynda skapar ný vandamál. Myndasöguhöfundurinn getur að sjálfsgöðu sett saman mynd og texta, sem haldast nákvæmlega í hendur,

en slík málalenging er augljós sóun. Það virðist því vera heppilegast að láta myndirnar og textann bera frásögnina uppi á víxl heldur en bæði í einu.

Að hluta niður söguna í ramma og raðir er einnig stílfraðilegt vandamál. Listamaðurinn getur kosið að byggja upp og undirbúa atburðarásina vandlega eða vaðið stjórnlítið áfram með atburðunum, sem meira er háttur neðanjarðarmyndasagna. Til að gæða myndir sínar andrúmslofti getur höfundurinn t.d. valið á milli þess að nota stóra svarta fleti, margræða bakgrunnsteikningu eða á hinn bóginn gripið til þess að þröngva atburðunum í forgrunninn — möguleikarnir eru óteljandi. Í þessu samhengi getur liturinn gegnt miklu hlutverki með því að draga fram mikilvæga þætti frásagnarinnar og einnig hjálpað til við að tengja saman efnislega andstæða ramma með því að viðhalda litasamsetningum innan þeirra.

Myndasögur hafa einnig til umræða setningarfræði annarra bókmennta- og

listfræðilegra forma: endurtekningu, bjögum, mögnun, stílfæringu ofl. ofl. Það er undir höfundinum komið að nota þessi hjálparmedul gætilega og forðast að ofgera. Í myndasögum eins og í öðrum listum þá er minna jafnan meira.



NOKKUR ORD AD LOKUM

Það eru örlög allra nýrra tján-ingarforma að fá óblíðar móttökur. Á sínum tíma voru harmleikir úhróp-aðir sem guðlast, ítalska óperan kölluð ósæmilegur hljóðgrautur og ekki er langt síðan kvikmyndin fékk þann stimpil að vera „list fyrir drukkin úhrök“. En gegn myndasögunni hefur háðið og spottið varað lengst. Stærstan hluta á tæpum eitthundrað ára ferli sínum hafa myndasögur verið fyrirlitnar, átaldar og hafðar að athlagi.

Þetta hefur þó snúist við núna; fræðimennska og greining hafa komið í stað fordóma og fátætis. Með vaxandi menningarlegri viðurkenningu hefur myndasagan orðið að axla nokkrar byrðar. Þegar hún er ekki lengur afskrifuð sem uppspretta subbulegrar dægrastyttingar verða höfundarnir og útgefendur þeirra að vera reiðubúnir til að svara fyrir hana á fagur- og siðfræðilegum grunni (líkt og skáldsagnahöfundar, bókaútgefendur, leikritahöfundar og kvikmyndagerðarmenn). Sumum hrýs hugur við þessu og dreymir um hina gömlu góðu daga þegar myndasöguhöfundurinn gat unnið í fríðselli einangrun og dreifingaradilar gátu boðið vöruna í ábatasamri sjálfsánægju. En það verður ekki aftur snúið.

P.H.

Grein þessi er þýðing og endursögn á greininn

„The World of comics: an analytical summary.“ eftir Maurice Horn og birtist hún í bókinni „The World Encyclopedia of Comics.“



PARÍS ER ÍSBAR

Ljósmynd af André Breton
læknar eðlur
sjúkar í mánann og teskeið af
hunangi í kaleik úr Montparnasse

París er ísbar
segir trompet Marianne Van Hirtum
gróðursettur í leiði Baudelaire's
París er handa rottum
ísbar handa kirkjuræningjum




LALLI VAR MEÐ HITTA OG KVEF
ÞEGAR HANN VAKNAÐI Í MORGUN.



HANN FÖR EKKI Í SKÉLANN OG MAMMA
HANS KEYPTI FULLT AF NAMMI.

MÍÐDEGISSAGAN VAR EINHVER STRÍÐSSAGA.



Í DÖGUN LÖGÐU KAPTEINN
MEMHUS OG MENN HANS Í
ÁRÁSARFERÐ YFIR HAFIÐ. GLANS-
ANDI FLUGVÉLARNAR HÖFU
SIG TIL FLUGS...




KLUKKAN SJÖ
KOM MAMMA LALLA
HEIM ÚR VINNUNNI
OG MÆLDI HANN.

Hann var með
39.5 stiga
hita...


39.5

LALLI REYNDI AT
SOFNA... LOKSINS
FESTI HANN BLUND.






Þegar maður er veikur eru draumarnir enn ruglaðri en vanalega.



NÓTTIN LEIÐ...



Útvarp Reykjavík. Klukkan er sjö. Nú verða sagðar fréttir. Þau vælegu tíðindi gerðust í nótt að eldgos dundi yfir í Vestmannaeyjum. Þáur en klukkan var



Eldsprungan lengdist fljótt, og eitt mannvirki hvarf í eldinn, innsiglinga-vitinn urðarviti... fólksflutningar höf



He He He

Ólafur Jóhannesson, forsetisráðherra, sagði nú rétt fyrir klukkan sjö að þjóðin yrð



MAMMA MAMMA!
ÓLI JÓ ER BÚINN
AÐ SPRENGJA UPP
VESTMANNAEYJAR!!



Svona Svona Lalli minn. Þig var bara að dreyma. Það er bara byrjað að gjósa í Vestmannaeyjum.

Q.P.R.

KEVIN KEegan LIVERPOOL


bla bla bla Heimaey
bla Eldföngur bla bla
bla bla Mesta eld...

ENDIR
Gunnur Hjálmar's '92

CANUBRINN

af hinni Freydisi Kristjánsdóttur


1922





HVELLURINN MIKLI OG UPPHAF ALHEIMSINS OG STULLI


1500.000.00 FYRIA KAISSA



(Búmm)


HVELLURINN MIKLI: ELDKÚLA, MILLJÓN MILLJÓN MILLJÓN SINNUM HEITARI EN SÓLIN OG MINNI EN EIN FRUM-EIND, SEM INNIHELDUR ÞÓ ALLAN TÍMA OG ALLT RÚM, SPRINGUR VEGNA GÍFULEGRAR INNBYRÐRAR ORKU...

EINN HUNDRAD ÞUSUND BILLJÓN BILLJÓN BILLJÓNASTI ÚR SEKUNDU SÍÐAR...



(SPONG)

HITASTIGIÐ ER EINN MILLJÓN BILLJÓN BILLJÓN GRÁÐUR Á CELSIUS. BLANDA EFNIS OG ANDEFNIS ÞENST ÚT MEÐ OFSAHRAÐA...



1.100.000.00 FYRIA KAISSA



LÍFIÐ STÍGUR SÍN Fyrstu SPOR Á JÖRÐinni...

KORTER Í ÞRjú

Djöfuls! Ég verð að ná í þú í kvöld matur. Ég drep mig frekar en að rúnka mér einn enn einu sinni



Ég meinaða! Hvat sjá þessar þrur vit gæja eins og Baltasar Kormák? Ég skil ekki hvers vegna ég næ ekki í neitt en hann... Dóri? Dóri minn?!

KLÚNK



STUTTU SÍÐAR

KJAMM INN

Jæja þá er komið að dauða-kippum kvöldsins. Best að reyna nokkra frasa...



Hæ. Ég sverða: þú er langfallegasta stelpa sem ég hef séð. Hringurinn í nefinu á þér fer þér æðislega vel.



Sæl Elin. Hvat segirðu um þetta: þú og ég, Kertaljós, Koníak, Keliri?

Æi Sturlaugur láttu mig vera

(Höst)



...Og ég næ í kærastann minn ef þú drullar þér ekki burtu, ágætið þitt!

(Djísús)



Djöfuls tussur. Vita ekki af hverju þær eru að missa.

Jæja ég drapst þó allavega ekki.



KLÉSS



BÚIÐ 192 E.H.

MATGRÆÐGI

TEIKNINGAR = LOUSTAL

HANDRIT = VILLARD



MÓNA BYRJAÐI AÐ TROÐA Í SIG EINN LAUGARDAGSMORGUNINN. VIÐ STÓÐUM FYRIR FRAMAN KAUFÉLAGS-
BÚÐINA HANS GUS LARIVIÈRE SEM LÝSIR UPP MITT AÐALSTRÆTI MED ALLRI SINNI LJÓSAÐÝRÐ ÞEGAR HÚN
'AKVAÐ AÐ FÁ SÉR ROMMBOLLUR ÚR BAKARÍNU. SÍÐAN LEIÐDI EITT AF ÖÐRU. HÚN TÓK TIL VIÐ VÍNAR-
BRAUÐIN OG SKIPTI SVO YFIR Í ÞESSAR HRÆÐILEGU KREMSTENGUR.



ÉG VARÐ AÐ SÆTTA MIÐ VIÐ ÞETTA: LITLA KONAN MÍN BLÉS ÚT EINS OG BLAÐRA OG SKÍNANDI FALLEG
AUGUN HURFU UNDIR DRÚTIN AUGNLOKIN. SVEITALÍFIÐ ER MÍSKUNNARLAUST OG FÓLK FÖR AÐ SLÚÐRA. EN
MÓNA, HÚN VAR 'A KAFI Í SINNI FITU. TIL AÐ FINNA HANDA HENNI STÆRSTU GERÐ AF BRJÓSTHALDARA
ÞURFTI 'ÉG AÐ FARA NIÐUR TIL BORGARINVAR.


ÞÝÐING & SKRIFT: BJARNI HINRIKSSON



KVÖLD EITT BUÐUM VIÐ GAMLA LÆKNINUM ÚR NÆSTA HREPPI Í HEIMSÓKN, HONUM ARTEGUY, SEM ÞEKKIR SKORPULIFRINA MÍNA JAFU VEL OG FINGURNA 'A SÉR. HANN VAR MEÐ KENNINGU VARÐANDI MÓNU, SEM SAGT, ÞETTA OFÁT HENNA VAR EINFALDLEGA SJÁLFSMORÐSTILRAUN. 'EG VELTI ÞESSU FYRIR MÉR ALLA NÓTTINA FYRIR AFTAN HLÖÐUNA OG ENDURTÓK MEÐ SJÁLFUM MÉR ÞETTA HRÆÐILEGA ORÐ: SJÁLFSMORÐ, SJÁLFSMORÐ, SJÁLFSMORÐ...



ÞÁ FANNST MÉR EINS OG ÉG VRÐI AÐ TALA UM ÞETTA VIÐ KENNAÐANN. HANN ER EINN AF ÞESSUM NÁUNGUM SEM VITA ALLT. FREKAR PEMPÚLEGUR EN MESTI HAUS SEM ÉG VEIÐ UM. HÚN ER AÐ BÆTA SÉR EITTHVAÐ SAGÐI MENNINGARVITINN MÉR. TIL AÐ GLEVMA EINHVERJU EÐA REFSA SJÁLFRI SÉR FYRIR EITTHVAÐ. 'EG GAT EKKI HÆTT AÐ HUGSA UM ÞETTA AÐ BÆTA SÉR EITTHVAÐ.



EFTIR MESSU Á SUNNUDÖGUM FORÐUBUST ÞEIR OKKUR, GÖMLU VINIRNIR FRÁ ÞVI ÞEGAR HÚN VAR ENNÐÁ MÍÓ. KRÁKKARNIR BYRJUÐU AÐ HENDA Í OKKUR STEINUM AFTANFRÁ.



SVO VAR ÞAÐ ÞENNA 14. JÚNÍ. ÉG LEITADI EINS OG BRJÁLADUR AÐ MÓNU - Í KJALLARANUM, UPPÁ HÁA-LOFTI, Í FJÓSINU, ALLAN LIÐLANGAN DAGINN. LOKSINS KOM ÉG AUGA Á HANA VIÐ ENDA AKURSINS, NÆST SKURÐINUM. HÚN KRAUP ÞAR Á BLETTINUM SEM ÉG HEF EKKI SAGT YKKUR FRÁ ENNÐÁ.

RAYMOND, ER DETTA
NOKKUÐ HLAÐAN OKKAR
SEM ER AÐ FUGRA UPP?

JESÚS MINN, ÞUSJÓINU
ER JUNÍ HENNI!



ÞESSI FREKAR, EINS OG MAÐUR MUNDI SEGJA, SORGLEGA SAGA HÓFST AÐ KVÖLDI 14. JÚNÍ Í FYRRA. VIÐ
VORUM AÐ GANGA HEIM FRÁ DUCOURNEAU-FÓLKIÐU SEM HAFÐI VERIÐ AÐ KAUDA TVÍHLEYPSTA BYSSU,
VIRKILEGA FALLEGT SKOTVOPN.

NÁÐU Í TVÍBURANA,
RAYMOND, ÞEIR SOFA
UPPI!



VIÐ MÓNA HLUPUM EINS HRATT OG VIÐ GÁTUM OG Á MEÐAN HÚN FYLTI FÖTURNAR ÖPNADI ÉG HLÖÐU-
DYRNAS OG BASLAÐI VIÐ BÍLINN MINN.



MÓNA ER EIN AF DESSUM TILFINNINGAVÆMNU. HÚN HUGSAÐI BARA UM TVÍBURANA, ÉG ÆTLAÐI EKKI AÐ LÁTA SPLÚNKUNÝJA PUSJÓINN MÍNN BRENNNA. EKKI SATT, STRAKAR? EN SEM SAGT, MÉR TÓKST AÐ ÝTA UPPHALDSDROSSIUNNI MÍNNI ÚT ÚR ÞESSU HELVÍTI OG HÚN VAR Í POTTÞÉTTU LAGI, EKKI EIN EINASTA RISPA.



HVADÁ SVARTA FATÁHRÚÐA ER ÞETTA?

ÞETTA ERU KRAKKARNIR, RAYMOND


ÉG KOM AÐ MÓNU EFST Í STIGANUM SEM LIGGUR UPP Á HEYLOFTIÐ. KRÖKKUNUM FANNST GOTT AÐ SOFA ÞAR Á SUMRIN.



VIÐ TÖLUBUM EKKI MEIRA UM ÞETTA Á HEIMILINU. ÞAD VAR EKKI ÞESS VIRÐI AÐ GERA VEDUR ÚT AF. KRAKKAR KOMA OG FARA OG ÉG ER HÁLFGERÐ KANÍNA, EF ÞIÐ SKILJIÐ HVAD ÉG MEINA.



ÉG REDDAÐI ÖLLU Í SAMBANDI VIÐ LÖGGUNA: ÞVÍ MINNA SEM ÞEIR VITA, ÞVÍ BETRA FYRIR MANN. ÉG SENDI KRAKKANA Í HERSKÓLA TIL AÐ HÉRÐA ÞAU OG STYRKJA, ÞETTA SAGÐI ÉG LÖGREGLUBJÓNINGUM.



SVO ÞEGAR ÉG SÁ MÓNU ÞARNA Á BLETTINUM ÞAR SEM ÉG HAFÐI GRAFIÐ TÍBURANA HUGSAÐI ÉG MEÐ MÉR AD HÚN HLYTI AD VERA MEÐ SMA SEKTARKENND VEGNA ÞESS SEM HAFÐI KOMIÐ FYRIR OKKUR.



HÚN SVARAÐI ENGU. ÞÁ FÓRUM VIÐ HEIM OG HORFÐUM Á DÝRALÍFSMYND Í SJÓNVARPINU.



ENGIN ER EINS FALLEG OG
BÚ, DÚFAN MÍN.

FRÁ OG MEÐ ÞESSUM JÚNÍDEGI HEF ÉG EKKERT RÖFLAÐ Í HENNI ÚT AF 'ATINU. HÚN HLÝTUR AÐ HÆTTA SJÁLF EINHVERN TÍMANN. AUBVITAÐ ER ERFITT AÐ BÚA MEÐ HUNDRAÐKÍLSA BOLLU EN!...ÉG FER MEÐ HANA EINS OG PRINSESSU.



OG HÚN TRÚIR MÉR, ÞESSI HEIMSKA MERI!

TÓLF FRANSKIR HÖFUNDAR

Enki Bilal, fæddur í Júgóslavíu 1951, kom til Frakklands 9 ára að aldri. Hann lærði að lesa teiknimyndasögur jafnhliða frönskunáminu í skólanum. Fyrstu sögur hans birtust áður en hann varð tvítugur. Öllum sem kynnst honum finnst eitthvað dularfullt og heillandi við hann, hann er eins konar „granitblokk“ að sögn handritshöfundar hans, Pierre Christin. Hann hefur áhuga á kvikmyndum, leikhúsi og dansi, hefur lag á að vinna með ólíkasta fólki og auðgar þannig viðhorf sín til mynda og frásagnar. Drame colonial („Nýlendusaga“), ein fyrsta sagan sem út kom, bjó strax yfir sérstökum tóni og kunnáttusamlegri myndbyggingu.



BILAL

„Hann teiknar ekki stígagang nema setja í hann sprungu og svolítið ryð.“ Patrick Cauvin, handritshöfundur myndasögunnar Hors-Jeu („Úr leik“) lýsir þannig einu sérkenni Bilals sem teiknara. Myndir hans hafa mjög sterk höfundareinkenni. Það er eins og heimur Bilals sé hið raunverulega efni myndanna, hver sem handritshöfundurinn eða viðfangsefnið kann að vera, hvort sem hann myndskreytir le Temps des Grandes Solitudes („Einverustundir“) eða gerir auglýsingaþjald fyrir kvikmynd Alain Resnais, La Vie est un roman („Lífið er skáldsaga“). Þrjú myndasöfn af ekta gervisannögulegum verkum, og myndamöppur (þ.á.m. hin goðsagnakennda Die Mauer sem fjallaði um Berlinarmúrinn) hafa hafið Bilal til vega sem einn öflugasta teiknara samtímans.

Árið 1980 kom út La Foire aux Immortels. Það var fyrsta myndasagan

sem Bilal gerði upp á eigin spýtur, án handritshöfundar. Þá kom í ljós að maðurinn, sem allir héldu að væri bara teiknarinn, átti sér sérstakan og persónulegan myndheim. Kímileg og góðhjörtuð hetjan Nikopol myndar mótvægi við umhverfið í viggirtri París ársins 2023. Árið 1986 kemur út annað „eins-manns-hefti“, La Femme piége („Kvengildran“) og hristir á ný upp í mönnum langt út fyrir raðir áhugamanna um teiknimyndasögur. Bilal sleppir talblöðrunum og hljóðlíkingarorðunum, sem eru svo rötgrónar í þessari grein, en kemur þess í stað með rödd sögumannsins neðanmáls. Myndramminn er í cinemascopiformi.

Pierre Christin gerði handrit eða texta í átta bókum eftir Bilal. Hann er dyggasti samstarfsmaður hans. Þeir eru þó gerólikir! Kennarinn við blaðamanskólann byrjaði á því að segja við unga vísindasöguteiknarann: „Þetta er ágætlega unnið, en þú horfir ekki nóg á veruleikann!“ Hann fer með hann um sveitir Frakklands vegna La Ville qui n'existait pas („Bærinn sem var ekki til“), en Bilal vill ekki sjá neitt annað en borgir. Hann gengur svo langt að kynna hann fyrir frammámönnum í verkalýðsfélagi vegna einnar sögunnar. Bilal segir að fyrir honum hafi áhuginn á vísindaskáldsögum upphaflega stafað af einskonar „ofnæmi fyrir því að sýna heim samtímans.“ Smám saman blandast imyndun og veruleiki, og félögarnir tveir sérhæfa sig í sögum með stjórnmálalegu ívafi. Upp úr því spretta tvö meistaraverk: Les Phalanges de l'Ordre Noir („Liðsmenn Svörtu reglunnar“) og Partie de Chasse („Skotfélagar“).

Litlu munaði að Ettore Scola gerði kvikmynd eftir Les Phalanges de l'Ordre Noir. Bókin Los Angeles varð efniviður í fyrirtaks myndband við tónlist hljómsveitarinnar Téléphone. Eftir þessar þreifingar lét Bilal loks til skaras skriða árið 1989 og gerði Bunker Palace Hotel. Kvikmynd með Jean Louis Trintignant í aðalhlutverki. Lokað herbergi neðanjarðar, þrúgandi en ekki laust við kímni. Önnur kvikmynd er í undirbúningi.

Bilal gerði sviðsmynd fyrir La Vie est un Roman eftir Alain Resnais. Sem skapari myndheims er Bilal eftirsóttur af leikhúsfólki. Dansflokkur (Angelin Preljocaj) hefur pantað hjá honum sviðsmynd og búninga fyrir byltingarkennda uppfærslu á Rómeó og Júlíu. Hann gerði frábæra sviðsmynd fyrir óperuna OPA Mia. Eins og við er að búast af Bilal, ætlar hann nú að snúa sér að sviðsetningum í leikhúsi.

23 ára gamall finnur hann undireins rétta tóninn fyrir nýja gamanmyndasögu. Tón sem er hýr, kaldhæðinn, síðlaus og minnir í fyrstu á neðanjarðarmyndasögur Bandaríkjana. Jano býr til nýja frumskóga svo söguhetjur hans geti ratað í ný ævintýri, allt frá soralegustu úthverfum Parísar til Vestur-Afriku. Rottan Kebra, Keubla og Gazoline eru furðudýr í mannsmynd, alltaf til í tuskið. Undir farsakenndu yfirborðinu og góðum smellum eru sögur Janos fullar af nákvæmum athugunum á einstaklingum og samfélagi. Þessi frábæri teiknari hefur jafnframt glögg auga fyrir heimi samtímans. Síðast en ekki síst lætur Jano söguhetjur sínar bregða fyrir sig raunverulegu tungutaki unglinga úr frönskum úthverfum.

Kebra er einkar mannleg rotta. Þessi skringilegi frændi Mikka músar er frekar heimskur en vondur. Hann er dálítið upp á kvenhöndina, en gellurnar, sem hann reynir við, eru oftast undir verndarvæng samviskulausra þorpára. Hann er hrifinn af tryllitækjum og lífsþægindum, en gripdeildir hans eru ekki mjög viðtækar. Stundum leikur hann þungarokk með félögum sínum, en eyðir miklu meiri tíma í slagsmál en gítarspil. Myndasagan, sem var gerð í samvinnu

við annan höfund, Tramber, var ein fyrsta lýsingin á óreiðukenndum heimi stóru fátækrahverfanna í útborgum Frakklands undir lok 20. aldar.

Jano dvelst nokkurn tíma ársins utan Parísar. Hann ferðast um og lifir sama lífi og gestgjafar hans. Til þess að geta teiknað umhverfið, sem hann kynntist í Afríku, á bökkum Niger fljóts eða í Sómalíu, fann hann upp söguhetjuna Keubla sem eins konar afrískan tvíburabróður Kebra. Léttlyndið, sjálfsbjargarvildleitnin og óhátiðleikinn, sem Jano kynntist í Afríku urðu honum innblástur að öllu geðþekkeri persónum en í frönsku sögunum um Kebra. Vegna þess að söguhetjurnar eru í dýralíki losnar hann auk þess við að falla í gildru kynþáttafordómanna. Sem glöggur og kíminn áhorfandi að gamanleik mannlífsins, kann Jano að sýna næstum súrrealíska töfra sjónvarpskvöldu á slöttum Afríku eða réttuáðan múslima sem er á leið í moskuna sína á mótörhjólum sem bílar úti í miðri eyðimörk. Þannig er t.d. í bók hans Carnets d'Afrique („Dagbækur frá Afríku“).

Jano getur brugðið fyrir sig snilldarlegum orðaleikjum. Dæmi um það er sagan Le Casse casque pas des masses (já hversdagsmáli: Misheppnað bankarín gefur ekki mikið í aðra hönd). Söguhetja hans



JANO

gerir í sífellu vopnaðar ránstíla raunir. Slanguryrði og orðmyndir, sem notaðar eru til að tjá ógnun, mismunandi í hvert sinn, eru listilega gerðar.

Gazoline er myndasiðustúlka. Hún er líka skritið, kynþokkafullt dýr sem skýst milli plánetanna á fútúrískri

skellinöðru og tekur stjórnina hjá þeim flokkum sem hún hittir. Fyrir höfundinn er hún fyrst og fremst tækifæri til þess að sýna óvenjulega lit- og formheima.

Fæddur 1955. Teikning hans, sem er undir klassiskum áhrifum, er mjög örugg og skýr í dramatískri frásögn, en annars leggur hann sig eftir hinu gróteska og fer stundum út í grimmilegar skopstælingar. Boucq vinnur einn og teiknar helst fjarstæðukenndar sögur sem umsnúa rökréttu, hversdagslegu samhengi og klisjum hvaðanæva að. Út frá handritum sem bandaríski rithöfundurinn Jerome Charyn (*La Femme du Magicien* („Kona töframannsins“) og síðar *La Bouche du Diable* („Gin Fjandans“)) hefur samið, setur hann á svið og magnar með eigin myndum spennusögur með ívafi hrollvekju.

Sömu menn standa að ruglingslegri framhaldssögu, *Pas de deo gratias pour Rock Mastard* („Engar guðsþakkar fyrir Rock Mastard“) í „*Fluide Glaciale*“ („Ískaldur vökví“). Óttalaus söguhetjan, í gervi dálítils einkaspæjara, „eltist bókstaflega við glæpi, og fer bókstaflega dýpra og dýpra“. Galdrakarl, særingarmeistari og Guð sjálfur verða á vegi hans í furðulegu samsafni klisja og óvæntra uppkoma með afar breskri gamansemi.

snúinn grímuleikur í útsetningu Jerome Charyn. Fástískur töframaður og barn-kona, sem getur tekið á sig ólíklegustu myndir, eiga í barokkendu ástarævintýri. Sjaldan hefur teiknimyndasaga verið jafn draumkennd. Í vatnslitanotkun sinni hallar Boucq sér hiklaust að Rembrandt og tilfinningu hans fyrir birtu. Annað afsprengi samvinnu hans við Charyn, *Bouche du Diable*, lýsir ferli sovésks njósnara á tímum kalda stríðsins. Söguhetjan (fórarlamb frekar en hetja), sem er leiksoppur eigin manna, finnur aðeins samstöðu með þeim sem neðstir eru í virðingarstiganum í ameríska draumnum, Indíanum. Þessi mikla frásögn, sem vindur fram á óaðfínanlegan hátt, skilur eftir sig beiskt bragð.

Fæddur í París árið 1948. Kom fyrst fram á sviði barnabóka, en hóf síðan samvinnu við handritahöfundinn Patrick Cothias og teiknar söguleg ævintýri sem eiga að gerast á ríkisárum Hinriks IV. Með *Les Sept Vies de l'Épervier* („Spörfuglinn hefur sjö líf“) kemst hann í fremstu röð höfunda sögulegra myndasagna. Í beinu framhaldi af því tók Juillard upp samvinnu við Jacques Martin (sem bjó til *Alix*), „föður“ greinarinnar. Í sameiningu þjuggu þeir til söguhetju sem hefur að vísu ekki orðið eins langlíf. Arno, tónskáld Napóleónstímans. Þar sem Juillard er æ eftirsóttari sem teiknari hefur hann nú í hyggju að teikna samtímann. Fágað og nákvæmt, klassískt handbragð hans hefur orðið mörgum ungum teiknara að fyrirmynd.

Í upphafi 17. aldar ríkir Hinrik konungur yfir Frakklandi og fólkið fyrirgefur honum hátterni hans í kjöllurum hallarinnar í St. Germain-En-Laye. En á landareign hinnar gömlu Troil-ættar leikur grímuklæddur vörður réttlætisins lausum hala og lætur sveitaaðalinn gjalda hroka síns og græðgi. Sjö hefti, gefin út milli 1983 og 1991, innihalda þessi *Septes Vies de l'Épervier*, sem blandar við sagnfræðina andanum í skyldingamyndum og vægum hrollvekjum.

„Sagan? Hún er nagli sem ég hengi myndimar á.“ Þessi fleygu ummæli Alexandre Dumas lýsa vel sögum Jacques Martin. Eftir að hafa endurskapað fornöldina með *Alix* og miðaldir með *Jheu*, tókst hann á við Napóleónstímann í samvinnu við André Juillard. Í sameiningu sköpuðu þeir Arno, tónskáld í fóruneyti Napóleóns, og tengdu þannig Listina og Söguna. Í Fenejum og á Egyptalandi jafnt sem á Englandi leggur Arno sitt af mörkum við að upplýsa áform leynifélaga sem hyggjast granda keisaranum. Þrjú bindi komin út.

Til að losna frá fortíð og sögu Frakklands hefur Juillard einkum lesið skáldsögur eftir bandaríska höfunda. Philip Roth, William Styron, John Irving og margir fleiri eiga sér traustan sess í bókasafni hans. Það er því eðlilegt að teikningar hans hafi orðið fyrir áhrifum af bandarískum bókmenntum. Útfærsla á *Kalli óbyggðanna* eftir Jack London árið 1984, gerð myndamöppu sem sótti innblástur í texta eftir Bukowski (1985) og loks myndræn útgáfa á skáldsögu Williams Faulkner, *As I lay dying* (1991). Eins og *Jekyll og Hyde* á Parísarbúinn Juillard það til að breytast í Kana.

Fram að þessu hefur Juillard ekki teiknað samtímann nema endrum og sinnum og þá til hlíðar við meginverk sín. Einkum hafa menn staldrað við *Le Tonkinois* (1988) sem miðar að því að skapa ákveðið andrúmsloft, þar sem texti Rodolphe minnir á andrúmsloftið í verkum Piere Véry og Simenon. Myndir Juillards, baðaðar fölrri birtu, lýsa á nærfærinn hátt heimi litilmagnsins og miða að því að ná líkamlegum þunga og tilfinningu fyrir stöðum og hlutum.

Þó að Juillard hafi numið af teiknurum eins og Mézières eða Jijé, sækir hann fyrirmyndir sínar einkum í sigild verk málara frá David til Matisse. Hann leitar að línu sem er bæði frjálgs og nákvæm, án þess þó að vera það um of, í sem bestu samræmi við heimildirnar. Myndin af Arno, „í stíl J. A. D. Ingres“, sýnir, auk skopskynsins, að hann hefur náð handbragði mestu stórmeistarara myndlistarinnar.

Fæddur í París árið 1951. Það tók hann nokkur ár að ná tóni sem er óháður tiskusveiflum og einkennist af mýkt, þunglyndi, innileik og mildri kaldhæðni. Ein söguhetja hans, Luc Leroi, hefur samt slegið í gegn, hávaðalaust, og er



JUILLARD

orðinn fyrir lesandanum einskonar fjarskyldur ættingi sem gaman er að heyra frá. Denis er góður samtalshöfundur og frábær í lit. Hann er nú fullþroska höfundur sem nýtir frumlega hæfileika sína til fulls.

Honum finnst gaman að teikna dýr og kannski er það þess vegna sem gagnrýnendur eru samdóma um að Jean-Claude Denis sé dæmisöguhöfundur. Meðal fyrstu verka hans eru til að mynda þrjú bindi með ævintýrinu André le Corbeau („Kalli krummi“). Snjöll aðferð til að takast á við nokkur meginatriði í lífinu: vinnuna, fjölskylduna, trúarbrögðin, valdahlutföll o.s.frv. Denis vann upphaflega við myndskreytingar og því vinnur hann teikningar sínar mikið. Hann er einkum undir áhrifum frá popplit.

Denis hefur ekki gefið út neitt sem er „aðeins fyrir fulloröna“. En stundum snýr hann sér beint til barnanna. Til dæmis myndskreytti hann texta vinar síns, Martin Veyron, *Oncle Ernest et les ravins* („Hreinn frændi og þeir hrifnu“). Eða með því að finna upp söguhetjuna *Rup Bonchemin*. Því miður komu aðeins þrjú bindi með



DENIS

honum. Hann var skemmtileg söguhetja sem glímdi við aðstæður sem voru ekki á hans valdi og urðu stundum ærið furðulegar.

Denis snéri sér að hinu alvarlega stafi Höfuðsyndunum sjö fyrir „*Métal Hurlant*“ („Æpandi málm“). Út úr því kom hæfilega taumlaus,

BOUCQ

Hæfileikar Boucqs njóta sín til fullnustu í upphafi 9. áratugarins á blöðum mánaðarritsins „*A Suivre*“ („Frh.“). Þá fyrst vinnur hann einn og í lit. Myndir hans eru fyllri, handrit hans enn fjarstæðukenndari. Á nokkrum síðum drægur Boucq lesandann út í sífellt nýjan söguheim, sem verður trúverðugur vegna hárnákvæmra atriða í teikningunni, en breytni söguhetjanna er hins vegar örökrétt. Lífsbaráttan er stefið sem heldur saman *Pionniers de l'aventure humaine* sem er fyrsta bókin í safni furðusagna.

Sem leiðir út úr raunsæinu koma hrollvekjan og draumurinn næst á eftir fóranleikanum. *La Femme du Magicien*, sem kom út í heftum frá 1984, er blæbrigðaríkur og ófug-

ádeilukennnd og illkvittin saga, sem skiptist í sjö kafla. Denis lætur þar skarast á meistaralegan hátt örlög bóksala, sem laðast að ungum stúlkum, ungs manns, sem er ljótur og lostafullur, gjaldþrota aðalmanns og

ádeilu, milli bókmenntalegra tilhneiginga og myndrænnar hreinlinustefnu, sem kemur einkum fram í pastelmyndum hans; milli þess að skrá stjórnmálasögu samtímans og lýsa ástálifi samborgaranna. En út úr hverju sem hann gerir skín áköf löngun til að fá einhvern botn í veruleikann.

Franc kemur fyrst fram sem höfundur stuttra sagna. Í fyrstu bók hans, *Histoires immobiles et récits inachevés* („Kyrstæðar sögur og ófullgerðar frásagnir“), eru sögurnar sjaldnast meira en sex síður eða svo. Höfundur blandar þar saman alls konar tilvísunum í teiknimyndasögur, málverk, kvikmyndir, bókmenntir ... En athyglisverðast er hvernig höfundurinn breytir sífellt uppsetningunni og spilar saman texta og mynd. Leikreglur myndasögunnar eru notaðar á skipulegan hátt og af hugkvæmni sem minnir einna helst á Windsor McCay.

Régis Franc nær til miklu breiðari lesendahóps þegar hann birtir sögu sína *Café de la Plage* („Strandarkaffi“) sem framhaldssögu í viðlesnu *Parisarblaði*. Í sögunni ríkir andrúmsloft sem þekkt er úr verkum bandarískra Suðurríkjahöfunda: Faulkner, Capote, McCuller o.s.frv. Nýjar sögur í sögunni taka

sífelld við, hver innan í annarri, hver af annarri. Með aðalhlutverkin fara hérar, svín og hænsni.

Marcel Dassault var franskur hægrimaður, þingmaður og deildarforseti í franska þinginu, blaðakóngur, sem skrifaði stundum í blöð sín, en var þekktari sem hönnuður flugvéla sem bera nafn hans. Régis Franc greip upp þennan margfræga öldung og gerði úr honum undir nafninu Marcel frændi dæmigerðan ráðríkan auðkýfing, eins konar Jóakim frænda sem á það til að verða dálítið gloppóttur. Myndasagan, sem hætti að koma út eftir lát fyrirmyndarinnar, sýndi að höfundurinn, sem ýmsir höfðu afgreitt sem draumlyndan og veigalitinn heimsmann, bar gott skynbragð á ádeilu.

Um svipað leyti kom út *Bonjour ma chérie* („Sæl, elskan“), eitt besta handrit hans, svíta með hárfnum tilbrigðum um tál, kaldhæðni og vonbrigði, í stuttu máli um vandann að lifa og elska í lok 20. aldar. Myndasagan fer stundum út úr skáldskapnum og yfir í sannsögulega frásögn. Í litlu safnriti, sem kom út um miðbik 9. áratugarins, og í tímariti („Corto“), sem helgað var myndasögum og ferðasögum, myndskreytti Régis Franc texta rithöfundarins og blaðamannsins Jean-Marc Terrasse. Þessari samvinnu eignum við að þakka nokkrar síður um Egyptaland, verkið Vienne-Venise-Trieste („Vinarborg-Feneyjar-Trieste“) sem fjallar um þrjár borgir, sem voru táknrænar fyrir gömlu Evrópu, meðal þeirra sem eiga hvað mest af bókmenntalegum minningum.

Fæddur í París árið 1952. Þversögn: þessi húmoristi kemur á framfæri sveigjanlegu handbragði sínu, skopteiknarahæfileikum og trúðanefjum í blaði sem helgað var hrollvekjum og visindaskáldsögum: „*Métal Hurlant*“, og heldur tryggð við það frá 1976-1987. Söguhetjur hans, sem eru ungar og geðþekkar, hrifnar af rokktonlist og kunna að bjarga eigin skinni, hafa gert hann að uppáhaldi menntskælinga. Vinsælasta söguhetjan, Lucien, er nú búin að fá samkeppni frá Manu, nýrri sögupersónu sem hóf feril sinn í sjónvarpi. Margerin, sem er ágætur brandarakarl, hefur náð að höfða til breiðs lesendahóps með því að fjalla á nærfærinn hátt um franskt alþjóðfólk.

Fyrsta sagan, sem birtist eftir hann, var Simone et Léon („Simone og Léon“). Söguhetjur Margerins, sem eru verkafólk eða smáborgarar, eru oftast nær fólk á sextugsaldri sem lifir einhæfu lífi í smábúðahverfum. Í því hvernig hann teiknar ósköp venjulega Frakka kemur fram glögg næmi fyrir hversdagsleikanum. Undirföt, inniskór og krullupinnar; blúndudúkar með minningum um sumarleyfi og klukkan á arinhillunni: föt og hlutir sem mynda umhverfi sem allir kannast við. Nema að páparnir hjá Margerin imynda sér stundum að þeir séu njósnarar eða heimsdrottningar ...

Lucien, kallaður „Lulu“, er að því er virðist einkasonur foreldra sem falla að þessari lýsingu. Hann er ungur og einhleypur í stórborginni og lifir af tilfallandi vinnu og tíðarandanum. Hann þekkir áþján hversdagslífsins, og ásamt félögum sínum, Ricky, Gillou, Riton og öðrum, skiptast á hjá honum lélegir tónleikar og misheppnaðar ráðagerðir. Samt er hann alltaf jafn óforbetrarlega bjartsýnn. Og það er einmitt það sem gerir hann svo viðfældinn. Og við augnarád Súsiar eða smátúr á Harley Davidson-mótorhjól gleymir hann öllum áhyggjum.

Unga fólkid er aðalmarkhópur auglýsinga. Til að ná til þeirra er ekki

sparað neitt sem tilheyrir heimi unga fólksins. Meðal myndasöguteiknara er Margerin í einna mestum metum. Teikningar hans eru læsilegar, hann vinnur með staðlaðar manngerðir og góðmænskan, sem skín af sögupersónum hans, gera hann að áhrifamiklum myndmiðlara. Margerin hyllir og selur stóru málin og litlu gleðigjafana í samtímanum, frá almenningsamgöngum til blóðgjafa, að viðbættu tyggjói og gallabuxum.

Japanskar teiknimyndir flæða nú um franska sjónvarpsskjái. Manu kom fram árið 1990 sem einskona skapandi vin í eyðimörk. Hann er ný sögupersóna sem Margerin hugsaði upp alveg sérstaklega; hann er dæmigerður vandráðunglingur, sem gefur ekki gott fordæmi og er sérfræðingur í alls konar klúðri og mannhyllir meira að segja við rámmi röðinnil Þessi söguhetja, sem kom fram jafnhliða í sjónvarpi og myndasögubókum, og er að visu vandráðagerpi en besta skinn inni við beinið, virðist ætla að verða ný stjarna á himni Margerins.

Sú nýja kynslóð teiknara, sem tengdist „*Métal Hurlant*“ (Margerin, Vuillemin, Jean-Claude Denis, Serge Clerc, Dodo og Ben Radis, Denis Sire, Tramber og Jano ...), safnaðist saman undir merkjum rokk-myndasögunnar. Rokkménningin gegnsýrir sögurnar sem þeir teikna: átrúnaðar-góðin, hóparnir, útlitið og alls konar smáhlutir. Ekki furða þó að sumir hafi sjálfir troðið upp. Hljómsveitin þeirra, Dennis Twist, náði í sæti á 50 laga vinsældarlistanum; Margerin er söngvarinn, og bregður líka fyrir sig kastanietum, maraccas og tambúrínu.

Fæddur í París árið 1945. Bourgeon, sem er vandvirkur og allt að því haldinn fullkomunaráráttu, vinnur við myndasögur eins og handverksmaður sem starfar í gamalgrónum anda. Það kemur ekki á óvart



MARGERIN

að hann skuli hafa unnið hjá glermeistara. Áhugi hans á fortíðinni leiddi til þess að hann myndskreytti



FRANC

nokkurra annarra heldur ófélégra leikenda í gamanleik mannlífsins. Í þessu bindi verður tónninn áleitnari, beittari, og maður fær það á tilfinninguna að hið sanna eðli Denis sé að koma í ljós.

Luc Leroi er geðþekkt andhetja. Þessi ungi og einhleypur naggur er dálítið kærulaus, síblankur, en þó ekki um of, og til í ævintýrin. Hann er sem sé besta skinn og hættir til að verða ástfanginn. Með blöndu af skepnuskap og samúð lætur Jean-Claude Denis hann flækjast inn í aðstæður þar sem hann stingur svolítið í stúf við umhverfið, eins og á fatafelludansstöðum eða á kvikmyndasviði. Leroi reynist þrátt fyrir allt hafa sína töfra. Frá því hann byrjaði feril sinn í stuttum sögum í svarthvítu þar til hann lenti í glæstum ævintýrum í lit hefur hann a. m. k. heillað fleiri og fleiri lesendur.

Nýjasta bók Denis, sem nefnist *L'Ombre aux tableaux* („Skuggahlið málverkanna“) tengir saman tvo heima sem báðir eru jafn dularfullir, heim rónanna og heim listarinnar. Það sem tengir þessa tvo heima er draugur. Í hinum fyrri á enginn krónu, í hinum síðari velta menn milljónum. Enn sýnir Denis að hann er glöggur athugandi nútímalífsins og fyllir frásögn sína með safaríkum smáatriðum sem gera það að verkum að skáldskapurinn fær næstum á sig svip sannsögulegrar frásagnar.

Fæddur í Lézignan árið 1948. Régis Franc er mjög hlédrægur og lítið gefinn fyrir að ræða um sjálfan sig. Þar að auki er honum meinilla við að útlísta verk sín. Það er því ekki hlaupið að því að sýna fram á samræmið í fjölbreytilegu verki hans, enda er þessum Suður-Frakka ærið margt til lista lagt: hann sveiflast milli hreinna formtilrauna og harðrar



BOURGEON

tvö tímabil, miðaldir og 18. öld, með hrollvekjuvafi í fyrri tilvikinu og pólitisku ívafi í hinu síðara. Báðar þessar sögur, sem eru vel unnar út frá heimildunum, eru hnitmiðaðar á sviði atburða og sálfræði. Í báðum er aðalhlutverkið í höndum kvenpersóna, sem eru meðal hinna sönnustu og mest heillandi sem sést hafa í ævintýrum.

Fyrsta bók Bourgeons, Maitre Guillaume („Meistari Vilhjálmur“) (1978) markar endalokin á námsferli hans. Það er eins konar söguleg



CABANES

skáldsaga um kirkjubyggingar. Hún er strax dæmi um að höfundurinn vill hafa fullt vald á viðfangsefni sínu. En þessar kristnu miðaldir eru enn hefðbundnar; í þeim sést ekki hið heiðna, blóðuga og munúðarfulla æði sem einkennir síðari miðaldasögur hans.

Bourgeon, sem las Ívar hljúárn og Hróa hött í æsku, heldur sig enn við miðaldirnar með Brunelle et Colin („Brunelle og Colin“), sögu sem Robert Genin skrifaði handritið að. Hún var gefin út í kópólsku barna- blaði í fimm síðna þáttum og ber að nokkru merki þess. Hvorki galdrar né hrollvekjur eiga aðgang að þessari sögu sem segir frá flakki tveggja einstæðra unglinga, prinsessu og fylgdarsveins hennar. Útliti vísa sögupersónurnar fram til söguhetjanna í Passagers du Vent („Í för með vindinum“), Isa og Hoel.

Með fimm bindum í yfir 300.000 seldum eintökum hvert hafa Les Passagers du Vent slegið öll vinsældamet ævintýrasagna. Í þetta sinn er ævintýrið dularfullt og tengt hafinu; það á sér stað í skýrt afmörkuðu, sögulegu umhverfi, sem er þrælaverslunin. Hér er allt jafn heillandi: tvær söguhetjur (önnur frönsk, hin ensk) sem eru ósparar á töfra sína, vel upp byggt og vel skrifað handrit, auðugt af litríkum persónum, nákvæmt raunsæi í smáatriðum og loks kitlandi heitir og rikulegir litir.

Söguhetjan í Compagnons du Crépuscule („Rökkurfélögum“) er riddari sem hylur afmyndað andlit sitt og endar eftir langa leit á bólkestinum. Leitin, þar sem hann nýtur fulltingis prakkarans Mariotte og hreinlynds skósvéins, l'Anicet, flytur hann á vit þúka, seiðkarla, loddara og nokkurra hefðarkvenna, persónusafn sem er búið til eins og það leggur sig og notað til að mynda sérstaka þætti. Með þessari sögu nær Bourgeon loks að gera uppáhaldstímabili sínu verðug skil.

Kvikmyndaleikstjórinn Christian Lejalé gerði mynd um Bourgeon og verk hans. Hafið höfðar mjög sterkt til þeirra beggja og þeir ætla nú í sameiningu að gera kvikmynd sem kallast Docker. Þeir skrifa báðir handritið og Bourgeon hefur teiknað allt söguvið myndarinnar, eina mynd eða fleiri fyrir hvert skot. Þetta verk, sem er enn óbirt, er með frjálsara og kröftugra handbragði og sýnir aðra hlið á hæfileikum hans.

Fæddur í Béziers árið 1947. Hann vann við ýmis störf áður en hann dembaði sér út í myndasögurnar. Hann er sjálflærður teiknari en vakti athygli starfsbræðra sinna fyrir frábæra hæfileika. Hann gerði aldrei neina málamiðlun við lesendur, útgefendur eða fiskuna, en hlaut árið 1990 Grand Prix de la Ville d'Angoulême, mesta virðingarrött starfsgreinarinnar. Cabanes er maður draumáranna, með frjótt imyndunarafli, og tengir saman skáldskap, kimni og viðkvæmni. Í litum hans er suðræn birta og munúðarilmur. Við texta eftir Jean-Claude Forest, höfund Barbarella, birti Cabanes árið 1978 í fyrstu tölublöðum mánaðarritsins „[A Suivre]“, safaríka og frjálsa útfærslu á miðaldaverkinu Roman de Renart.

Það tók Cabanes tólf ár (1975-1986) að ljúka fjórum bindum mikilvægustu sögu sinnar hingað til. Dans les Villages („Í þorpunum“) er í senn saga úr hversdagslífi smáþorps í Suður-Frakklandi, með fávitanum og kúluspilsköllunum sínum, og furðusaga af dýrum sem bera jafn ævintýralega nöfn og þau hegða sér skringilega: rænsni, fneidri og aðrar puðrur. Allur þessi smáheimur býr í draumum Draumhuga nokkurs, sem er heillaður af eldinum. Sannarlega furðulegt!

Með Contes fripons og Rencontres du 3e sale type (nafnið er skopstæling á heiti frægrar myndar eftir Spielberg) gefur Cabanes lausan tauminn grófari og hrárrí tilhneigingu. Gert er grin að heimi ævintýrasagna og visindaskáldsagna, í stuttum sögum sem leysast upp í fátánleika og slá saman ólíkustu tilvísunum. Hér er á ferðinni sú skopmyndahefð sem tímariðið Mad byrjaði á forðum og lifir fullu lífi í þessum fjórlegu myndum.

Cabanes er mikill íþróttamaður og hefur lagt stund á ruðning, fótbolta og hjólreiðar. Engin furða þótt hann myndskreyti bók sem helguð er frönsku hjólreiðakeppninni (Tour de France): La Boucle Magique („Töfrasylgjan“). Tveir blaðamenn skrifuðu textann og Cabanes gaf honum nýja vidd með myndum sínum sem eru öður til viðerna og líkamlegrar áreynslu. Hann hefur fullt vald á vatnslitátækni og hún gerir honum kleift að gefa í skyn hraða með flæðihrifum sínum.

Cabanes fer síðan inn á sjálfsævisögulegri mið með Colin-Maillard, sem eru nokkrar frásagnir sem kalla fram bernskuminningar hans á blæbrigðaríkan hátt. Flest atriðin eru tengd þroskasögu Maxou hins unga, feimins drengs, sem hátterni ungra stúlkna skilur eftir reynslunni ríkari.

Ásamt öðrum teiknurum var Cabanes í þrjá daga lokaður inni í Ingres safninu í Montauban. Út frá þessari sérstöku reynslu hefur hann gert frábærar myndir sem sýna málalann fræga á gangi með fiðluna í hendi um það sem síðar verður að safninu sem honum er tileinkað.

Frá 1977 starfar Loustal sem teiknari við tímariðið „Rock & Folk“. Aðalritstjórinn, Philippe Paringaux, skrifar smásögur, smátæxta sem miðla andrúmslofti. Sá fyrri stingur upp á því við hinn að reyna sig við handrit að myndasögu; út úr því kemur Cœurs de sable („Sandhjórtu“), „skáldsaga“ sem gerist á 4. áratugnum og er hlaðin Hollywood myndefni og áhrifum frá langdvölum í Marokkó. Þetta frábæra og eitruða melódráma stefnir m.a. saman frönskum herforingja, arabískum prins og amerískri tennisleikkonu.

Arrière Saison („Haustlok“), sem fylgdi í kjölfarið á öðrum smásagnasöfnum, er til mikillar fyrirmyndar. Þar skiptast á kyrrar andlitsmyndir og svipmyndir úr lífinu. Varasöfum konum, heimsmönnum, gullurum, ásamt nokkrum misheppnuðum mönnum, er komið fyrir í stórum myndum sem ná yfir hálfu eða heila síðu. Loustal skrifar sjálfur flesta textana sem einkennast af kimni og kaldhæðni.

Loustal og Paringaux skjóta aftur upp kollinum með Barney et la note bleu („Barney og bláu nóttunni“), saknaðaróð til jazzins á árunum 50-60, sem segir frá örlögum saxófónleikara sem sækir innblástur til Barney Wilen. Sérstök plata var tekin upp og fylgir bókinni. Stíllinn er mjög sérstakur: neðanmálstextar sem skapa andrúmsloft, titrandi litir milli Matisse, Hockney og Hopper, hreyfingarleysi frýstrar atburðarásar, hárfinar skekkjur í rammanum sem oft hefur verið líkt við myndir Wenders ... Sjaldan hefur samstarf teignara og handritshöfundar tekist jafn vell.

Mémoires avec dames („Minnningar með konum“), skrifuð af Jean-



LOUSTAL

Luc Fromental, er fyrsta bókin þar sem Loustal fer að leikreglum hefðbundinna myndasagna, þar sem samtölin eiga sér stað í talblöðru. Söguhetjan, Morel Cox, rekur nokkrar minningar sínar milli 1927 og 1940 í London, París, Sahara og Shanghai. Í bland við ýmis samsæri af pólitískum toga og lögregluöðgerðir með uppgang

fasismans að baksviði, hittir hann rithöfunda, vændiskonur og einræðisherra. Alla þessa reynslu dregur hann saman í eitt: „Það er óseðjandi mykt kvenna sem mun endurleysa mannkynið.“

Bandaríski rithöfundurinn Jerome Charyn gerir sér með vissu millibili ákaflega dælt við myndasöguna. Hann skrifaði fyrir Loustal handritið að bókinni Les Frères Adamov („Adamov-bræðrunum“). Þar má sjá amerískan glæpamann sem er kryplingur og hefnir sín á mönnum með því að fjárkúga heilt hverfi í Manhattan, ryðja úr vegi bófaflokkum sem berjast um völdin og tálðraga hina fagra ldu Chance. Framvinda sögunnar er mjög einföld og lærdómurinn sá að hægt sé að glata sál sinni án þess að finna hamingjuna.

